

LÖGGJÖF

UM MÁLEFNI, SEM ERU Á VERKSVIÐI
UMHVERFISRÁÐUNEYTIS O.FL.

(PRENTAÐ SEM HANDRIT)

Umhverfissráðuneytið
Ágúst 1990

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	3
Úr reglugerð forseta Íslands nr. 77/1990 um breyting á rgj. nr. 96/1969.....	4
Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr.47/1990.....	5
Lög nr. 48/1965 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.....	6
Lög nr.47/1971 um náttúruvernd.....	8
Lög nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.....	15
Lög nr.21/1957 um dýravernd.....	16
✓Lög nr.30/1985 um Veðurstofu Íslands.....	20
✓Lög nr.31/1985 um Landmælingar Íslands.....	21
Lög nr.81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.....	23
Lög nr.19/1964. Skipulagslög.....	39
Lög nr.54/1978. Byggingarlög.....	48
Lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó.....	55
Lög nr. 14/1979 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stað- festa fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.....	56
✓Lög nr. 20/1986 um Siglingamálastofnun ríkisins.....	57
Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.....	60
Lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.....	68

Tilskipun 20. júní 1849 um veiði á Íslandi.....	69
Lög nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.....	72
Lög nr. 52/1957 um eyðingu refa og minka.....	73
Lög nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.....	76
Lög nr. 50/1965 um eyðingu svartbaks.....	82
Viðauki.	
Lög nr. 3/1955 um skógrækt.....	85
Lög nr. 22/1966 um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.....	92
Lög nr. 17/1965 um landgræðslu.....	93
Lög nr. 117/1985 um geislavarnir.....	100
Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.....	103

Inngangur.

Frá því að UmhverfISRáðuneytið var stofnað hafa margir spurst fyrir um umhverfislöggjöf landsins. Nú er það vitað mál, að ekki er til nein formleg eða viðurkennd skilgreining á því, hvaða lög eigi að fella undir hugtakið umhverfislöggjöf.

En til þess að koma til móts við óskir úr ýmsum áttum er nú gefin út sérprentun laga, sem í gildi voru 31. ágúst 1990 og eru á verksviði UmhverfISRáðuneytis, sbr. lög nr. 47/1990 og reglugerð forseta Íslands nr. 77/1990.

Í sérstökum viðauka eru tekin með lög um landgræðslu nr. 17/1965 og lög um skógrækt nr. 3/1955 með vísun til 1.gr. áðurnefndra laga svo og með vísun til 1.tl. í ákvæðum til bráðabirgða, sem fylgja þeim lögum. Enn fremur eru tekin með lög nr. 117/1985 um geislavarnir og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni sbr. 3.tl. bráðabirgðaákvæðanna.

Lagatextinn er að mestu leyti byggður á grunntexta sem Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar létu í té og veitti Jón Sigurgeirsson lögfræðingur mikilsverða aðstoð í því sambandi.

Af hálfu ráðuneytisins hefur Ragna Árnadóttir laganemi að mestu leyti séð um útgáfu þessa.

Páll Líndal.

Úr reglugerð Forseta Íslands nr. 77/1990 um breyting á reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum.

3.gr.

13. gr. orðist svo:

Umhverfísráðuneyti fer með mál er varða:

1. Náttúruvernd, friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, áðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýraveind og eflingu alhliða umhverfisverndar.

Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.

2. Varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.

3. Skipulags- og byggingarmál, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar, skipulagsstjóra ríkisins, skipulagsstjórn og Landmælingar Íslands.

4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

5. Fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.

6. Frumkvæði að samræmingu á áðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.

7. Alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála.

5.gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8.gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi. Þó öðlast ákvæði 3.tl. 13.gr. að því er varðar skipulags- og byggingarmál, skipulagsstjóra ríkisins og skipulagsstjórn ekki gildi fyrr en 1. janúar 1991.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 47/1990.

1. Umhverfisráðherra skal á næsta haustþingi leggja fram frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því skal m.a. ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og sjó.
2. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1.gr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð.
3. Fyrir 1.nóvember 1990 skal forsætisráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga sem sem feli í sér niðurstöðu endurskoðunar á þeim lögum sem upp eru talin hér á eftir. Þar verði jafnframt ákveðin nánar einstök verkefni og stofnanir umhverfisráðuneytis sem eftirtalin lög fjalla um:
 - 3.1. Lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.
 - 3.2. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr.81/1988, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117/1985.
 - 3.3. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning gegn mengun sjávar af völdum olú, nr. 14/1979.
 - 3.4. Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972.

Lög nr. 48 18. maí 1965. Lög um almennar náttúruvannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

I. kafli. Almennar náttúruvannsóknir.

1. gr. Með almennum náttúruvannsóknnum er í lögum þessum átt við undirstöðuvannsóknir í dýrafræði, grasfræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. [Umhverfissráðherra] 1) hefur yfirumsjón allra slíkra vanskóna.

1) L. 47/1990, 18. gr.

2. gr. Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúruvannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

o Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

o Nú leiðir vanskón í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá vanskakanda að tilkynna það réttihafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr. Íslenskir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra vanskóna á náttúru Íslands.

o Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúruvannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um vanskónir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. kafli. Náttúrufræðistofnun Íslands:

A. Hlutverk.

4. gr. Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra vanskóna á náttúru Íslands, vinna að slíkum vanskónnum, samræma þær og efla.

b. Að koma upp sem fullkornustu vísindalegu safni íslenskra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.

c. Að koma upp sýningarsafni, sem veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.

d. Að hafa eftirlit með almennum vanskónnum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenskra hagsmuna í sambandi við þær. 1)

e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum vanskóna í fræðslu- og vísindaritum.

1) Rg. 107/1968.

5. gr. Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

6. gr. Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasfræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

7. gr. Menntamálaráðherra 1) fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslíð hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjórana forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í

senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

o Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

1) Virðist eiga að vera "Umhverfisráðherra", sbr. l. 47/1990, 18. gr.

8. gr. Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

o Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

9. gr. Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.

b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.

c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.

d. Aðrar tekjur.

10. gr. Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962. 1)

1) Nú l. 94/1986.

D. Almenn ákvæði.

11. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

12. gr. Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

o Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

13. gr. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

Lög nr. 47 16. apríl 1971. Lög um náttúruvernd.

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr. Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

o Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

o Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr. [Umhverfissráðuneytið] 1) fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

1) L. 47/1990, 2. gr.

3. gr. [Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir ákveða fjölda nefndarmanna og kjósa þá til fjögurra ára í senn og ákveða formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.] 1)

o Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

1) L. 108/1988, 62. gr.

4. gr. Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

o Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.

2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök.

3. Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasfræði og dýrafræði.

4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.

5. Náttúruverndarráð.

6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu. 1)

7. Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi. 2)

1) Virðist eiga að vera "umhverfissráðuneytinu", sbr. l. 47/1990, 2. gr.

2) Rg. 456/1987 (um náttúruverndarþing)

5. gr. Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

o Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkv. úrskurði ráðherra.

6. gr. Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar [umhverfisráðherra] 1), áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

1) L. 47/1990, 2. gr.

7. gr. Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

o Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

o [Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir er annast þar eftirlit og fræðslu. Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.] 1)

o Ráðið skal hafa náð samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

o [Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndunarnefndum slíkt eftirlit.

o Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

o Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 5. og 6. mgr.] 2)

1) L. 29/1989, 1. gr.

2) L. 47/1990, 1. gr.

8. gr. Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

9. gr. Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir [umhverfisráðuneytinu] 1) fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

1) L. 47/1990, 2. gr.

10. gr. Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum. Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

11. gr. Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

o Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeigenda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

12. gr. Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

o Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

o Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

13. gr. Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmatum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

o Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

o Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óþrýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

o Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

14. gr. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

15. gr. Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

o Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

o Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

16. gr. Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

17. gr. Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22. - 26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkjum náttúruminum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til [umhverfisráðuneytisins] 1), er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

o Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki [umhverfisráðuneytisins] 1), eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

o Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

1) L. 47/1990, 2. gr)

18. gr. Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

19. gr. Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

o Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar. Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

o Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

20. gr. Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi rétttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.

21. gr. Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án leyfis sveitarstjórnar.

o Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar héraðsins.

o [UmhverfISRáðuneytið] 1) setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til byggingar sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

o Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um helgar.

o Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang roþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

1) L. 47/1990, 2. gr.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

22. gr. Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti. 1)

o Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

o Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrir mælum Náttúruverndarráðs.

1) Augl. 356/1988, um náttúruminjaskrá. Í henni er að finna yfirlit reglugerða, m. a. varðandi náttúruvætti.

23. gr. Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

o Friðun getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls. 1)

o Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

1) Augl. 120/1974 (um friðlýsing dropsteina). Virðist eiga stoð í 22. gr. 1. 47/1971. Augl. 184/1978 (um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda).

24. gr. Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd. 1) Má þar ekki raska náttúruvari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrir mæli um

nauðsynlegar aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

o Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

o Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu, ef ástæður eru fyrir hendi.

1) Augl. 356/1988, um náttúruminjaskrá. Í henni er að finna yfirlit reglugerða, m. a. varðandi friðlönd.

25. gr. Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign. 1)

o Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings.

o Í þjóðgördum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.

1) Rg. 216/1973 (Jökulsárgljúfur); rg. 319/1984 (Skaftafell).

26. gr. Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunnir að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir. 1)

o Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallizt, skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

o Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa borizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.

o Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917. 2)

o Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

o Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

o Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

o Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl

atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

o Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

1) Augl. 356/1988, um náttúruminjaskrá. Í henni er að finna yfirlit reglugerða, m. a. varðandi fólkvanga.

2) Nú l. 11/1973.

27. gr. Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengið fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

o Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda. Framkvæmd friðlýsingar.

28. gr. Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Skal ráðið semja skrá 1) um slíkar minjar og slík lönd.

o Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

1) Augl. 356/1988 (um náttúruminjaskrá).

29. gr. Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkurum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

o Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

o Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

o Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið 1) í reglugerð.

1) Virðist eiga að vera "Umhverfisaráðherra", sbr. l. 47/1990, 2. gr.

30. gr. Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggja ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra réttihafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

o Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum réttihöfum, er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

31. gr. Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

32. gr. Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en [umhverfisaráðuneytið] 1) hefur lagt á þær samþykki sitt.

1) L. 47/1990, 2. gr.

33. gr. Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkv. 32. gr. um friðlýsingar og friðunarákvæði birtir [umhverfisaráðuneytið] 1) þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

o Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

1) L. 47/1990, 2. gr.

Ýmis ákvæði.

34. gr. Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjasrá samkvæmt 28. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, 1) en þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

1) Nú l. 65/1976, sbr. 62. gr.

35. gr. [Umhverfísráðuneytinu] 1) er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

1) L. 47/1990, 2. gr.

36. gr. Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61/1917. 1)

1) Nú l. 11/1973.

37. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

o Sektir renna í ríkissjóð.

o Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögnum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögætt.

o [Umhverfísráðuneytið] 1) skal setja reglugerð 2) um nánari framkvæmd laga þessara.

1) L. 47/1990, 2. gr.

2) Rg. 205/1973, sbr. 640/1982 (um náttúruvernd).

38. gr. ...

o Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

X Ákvæði til bráðabirgða. Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

o Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.

Lög nr. 36 2. maí 1974. Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

1. gr. Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxárvæðisins í Suður-Pingeyjarsýslu.

2. gr. Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

3. gr. Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

o Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

o Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

o Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

4. gr. Reisa skal og reka náttúruverndarráðs við Mývatn.

[Umhverfissráðuneytið] 1) skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

o Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í reglugerð, er [umhverfissráðuneytið] 1) setur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m. a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

1) L. 47/1990, 3. gr.

5. gr. [Umhverfissráðuneytið] 1) setur, að fengnum tillögum heilbrigðisráðuneytisins og Náttúruverndarráðs, reglugerð 2) um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er löggin taka til, og skal þar m. a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

1) L. 47/1990, 3. gr. 2

2) Rg. 136/1978.

6. gr. Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum stjórnar rannsóknastöðvarinnar ráðið starfsmann til eftirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

7. gr. Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

8. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

o Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólöglegt.

9. gr. Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.

Lög nr. 21 13. apríl 1957. Lög um dýravernd.

I. kafli. Um meðferð dýra.

1. gr. Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.
2. gr. Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan rétthafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda eða öðrum rétthafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.
3. gr. Óheimilt er:
 1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
 2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum.
 3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
 4. Að sviða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.
4. gr. Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.

o Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. [Umhverfísráðuneyti] 1) er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til búfjársýninga.

o Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. [Umhverfísráðuneyti] 1) er heimilt að setja reglugerð 2) um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

1) L. 47/1990, 4. gr.

2) Rg. 67/1971 (um dýragarða og sýningar á dýrum).

5. gr. Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafn kvalalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.
6. gr. Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.
7. gr. Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlítandi farartæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur.

II. kafli. Um deyðingu dýra og aðferðir á dýrum.

[8. gr. Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.] 1)

1) L. 38/1968, 1. gr.

[9. gr.] 1) Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

o [Umhverfísráðherra] 2) setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð. 3)

1) L. 38/1968, 1. gr.

2) L. 47/1990, 4. gr.

3) Rg. 158/1957.

[10. gr.] 1) Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal deyfja dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri.

1) L. 38/1968, 1. gr.

[11. gr.] 1) Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma lækniáðgerðir á dýrum í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. gr., 2) ef ætla verður, að aðgerð muni baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýralæknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna eftir föngum að leita lækni ráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja dýralækni á vettvang.

1) L. 38/1968, 1. gr.

2) Nú 10. gr.

III. kafli. Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

[12. gr.] 1) Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við framleiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

o [Umhverfissráðuneyti] 2) er rétt að setja nánari reglur 3) um efni þau, sem greinir í 1. málsgrein.

o Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má skjóta til [umhverfissráðuneytis] 2), er úrskurðar mál til þrautar.

1) L. 38/1968, 1. gr.

2) L. 47/1990, 4. gr.

3) Rg. 77/1973.

[13. gr.] 1) Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 11. gr. 2) ber að gæta þess að baka dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

1) L. 38/1968, 1. gr.

2) Nú 12. gr.

IV. kafli. Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

[14. gr.] 1) Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

o Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í ríkissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirmælum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fóðurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirmæli, ef föng eru á því.

o Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir - eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum - hafi lýst sig

samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

o Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

1) L. 38/1968, 1. gr.

[15. gr.] 1) Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt og lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs.

Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

o Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð samkvæmt 1. málsg., en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

1) L. 38/1968, 1. gr.

[16. gr.] 1) Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælalaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.

1) L. 38/1968, 1. gr.

V. kafli. Stjórn dýraverndarmála.

[17. gr.] 1) [Umhverfísráðuneytið] 2) hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. [Umhverfísráðuneyti] 2) skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögu Hins íslenska náttúrufræðifélags, einn eftir tillögu Dýralæknafélags Íslands. [Umhverfísráðuneyti] 2) skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, en nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

o Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til umhverfísráðuneytis] 2) um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákærvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum. o Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er [umhverfísráðherra] 2) samþykkir.

1) L. 38/1968, 1. gr.

2) L. 47/1990, 4. gr.

VI. kafli. Um refsingu og önnur viðurlög.

[18. gr.] 1) Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum ... 2) eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

o Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 3) 1. málsg. varðar sektum.

o Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

o Sektir samkv. lögum þessum renna í ríkissjóð.

- 1) L. 38/1968, 1. gr.
- 2) L. 75/1982, 7. gr.
- 3) Nú 15. gr.

[19. gr.] 1) Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsíákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákærvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsímáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi. Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsg. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði skal sæta sektum.

- 1) L. 38/1968, 1. gr.

[20. gr.] 1) Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

- 1) L. 38/1968, 1. gr.

VII. kafli. Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

[21. gr.] 1) [Umhverfisráðuneyti] 2) setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings. 3) Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð 4) um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 11. gr. 5)

o Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

- 1) L. 38/1968, 1. gr.
- 2) L. 47/1990, 4. gr.
- 3) Rg. 127/1958, sbr. 232/1968 (um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum). Evrópusamn. 13. 12. 1968 um vernd dýra í millilandaflutningum, augl. C 8/1969, sbr. 8/1986.
- 4) Rg. 125/1986.
- 5) Nú 4., 9. og 12. gr.

[22. gr.] 1) Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála. 2)
o Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

Lög nr. 30 7. júní 1985. Lög um Veðurstofu Íslands.

1. gr. Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn [umhverfisráðherra.] 1)
o Hlutverk Veðurstofu Íslands er að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra fræðigreina er falla undir starfssvið hennar.

1) L. 47/1990, 16. gr.

2. gr. Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, hefur á hendi stjórn stofnunarinnar.

o Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra.

o Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.

3. gr. Verkefni Veðurstofunnar skulu vera sem hér segir:

1. að koma á fót veðurstöðvum og starfrækja þær, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra;

2. að safna daglega veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðurupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og dreifa þeim og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug;

3. að afla upplýsinga um haffs og senda út ísfregnir til skipa þegar ástæða þykir til;

4. að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar tengdar jarðskjálftum; enn fremur að safna upplýsingum um eldgos og öskufall þegar ástæða þykir til;

5. að safna gögnum til rannsókna á veðurfari Íslands, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarskýrslur;

6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu;

7. að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum eftir því sem við verður komið og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvernig standa beri að tilhögun mannvirkjagerðar á hættusvæðum; jafnframt að rannsaka veðurfarsþætti og jarðfræðiþætti er valda skriðuföllum;

8. að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum fræðigreinum á starfssviði sínu og vinna að rannsóknum á þeim er hafi það að höfuðmarkmiði að auka þekkingu á veðurfari landsins, bæta veðurþjónustuna og auka hæfni stofnunarinnar til að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála og annarra þarfa landsmanna;

9. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina, svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahringis Veðurstofunnar;

10. annað það er ráðherra kann að ákveða að falli undir verksvið Veðurstofunnar.

4. gr. Ráðherra ákveður í gjaldskrá greiðslur þær sem inna ber af hendi til Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.

5. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirhæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar. 1)

1) Sjá rg. 57/1929.

6. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 17 27. mars 1958, um Veðurstofu Íslands.

X Ákvæði til bráðabirgða. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma veðurstofustjóra skal skipun núverandi veðurstofustjóra halda gildi sínu.

Lög nr. 31 7. júní 1985. Lög um Landmælingar Íslands.

I. kafli. Skipulag Landmælinga Íslands.

1. gr. Landmælingar Íslands eru sjálfstæð stofnun sem heyrir undir [umhverfisráðuneytið.]

1) L. 47/1990, 17. gr.

2. gr. Stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstjóra sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

3. gr. Ráðherra ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

4. gr. Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ.á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, hafi samráð sín á milli um samræmi í vinnubrögðum og skipulagi mælinga og kortagerðar.

II. kafli. Verkefni.

5. gr. Verkefni Landmælinga Íslands eru:

1. Setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortalagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulögðu mælingakerfi.

2. Taka loftmynda vegna landmælinga, kortagerðar eða annarra tækni- og vísindalegra nota.

3. Útgáfa almennra korta af Íslandi. Með almennu korti er átt við kort sem eru til sölu og dreifingar á almennum markaði.

4. Endurskoðun útgefna korta Landmælinga Íslands í þeim tilgangi að kortin sýni sem réttasta mynd af landinu.

5. Söfnun, varðveisla og skráning fjarkönnunargagna sem tengjast landmælingum, kortagerð og skyldum vísindagreinum.

6. Söfnun upplýsinga um örnefni og staðsetningu þeirra í samráði við Örnefnastofnun.

7. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr. Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiri háttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlun.

7. gr. Hverjum þeim aðila, er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti þannig að gögn fáiast sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum, er skylt að skila til skráningar og geymslu frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi sem ákveðið er með reglugerð.

8. gr. Landmælingar Íslands veita þeim aðilum, sem þess þurfa, upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum sem um það verða settar.

III. kafli. Verkefnaáætlun.

9. gr. Landmælingar Íslands láta gera til fjögurra ára í senn áætlun um verkefni stofnunarinnar. Skal áætlunin byggjast á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsrið.

o Áætlun þessa skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

o Landmælingar Íslands skulu senda [umhverfisráðuneytinu] 1) verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. [Umhverfisaráðherra] 1) leggur verkefnaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. 1) L. 47/1990, 17. gr.

IV. kafli. Höfunda- og útgáfuréttur.

10. gr. Höfundaréttur og útgáfuréttur Landmælinga Íslands á öllu því efni, sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við kort eða ljósmyndir af Íslandi, er ótímabundinn.

o Enginn má án leyfis Landmælinga Íslands fjölfalda eða gefa út kort eða ljósmyndir sem byggjast að hluta til eða öllu leyti á efni sem Landmælingar Íslands eiga útgáfurétt á.

11. gr. Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu gegn greiðslu.

V. kafli. Fjármögnun.

12. gr. Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

Með sölu korta og þjónustu.

Með innheimtu sérstaks stimpilgjalds af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds.

o Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:

1. kort sem gefin eru út eða unnin af ríkisstofnunum eða sveitarfélögum eða fyrir þau,
2. uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum sem framar öllu er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta,
3. kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.

o Gjöld samkvæmt 2. mgr. 1) skulu innheimt til ríkissjóðs.

o Tekjum samkvæmt þessari grein skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.

o Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands umfram ofangreindar tekjur skal greiddur úr ríkissjóði.

1) Á væntanlega að vera 1. mgr.

13. gr. Ráðherra ákveður með gjaldskrá stimpilgjald samkvæmt 12. gr.

o Enn fremur skal söluverð korta og gjald fyrir þjónustu háð samþykki ráðherra.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

14. gr. Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnnum sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að heimila þá för um landareignina og uppsetningu mælingamerkja/punkta sem nauðsynleg getur talist vegna landmælinga.

15. gr. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

16. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

X Ákvæði til bráðabirgða. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma forstjóra Landmælinga Íslands skal skipun núverandi forstjóra halda gildi sínu.

o Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum.

Lög nr. 81 3. ágúst 1988. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.1)

1) Lög þessi eru endurútgefin og voru nr. 109/1984.Ákvæði í 1., 3., 9., 17. og 19. gr., sem samrýmast ekki l. nr. 117/1985, um geislavarnir, felld úr gildi, sbr. 24. gr. síðari laganna.

I. kafli. Hlutverk.

1. gr.

o 1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tók á að veita.

o 1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómengun umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómengun vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

o 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga.

o 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis.

2. gr.

o 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir 1) um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

o 2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utanhúss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukafna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
11. Skóla og aðra kennslustaði.
12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.
14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarendi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um og aðrar slíkar stofnanir.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.

17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Bata og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.
- Ennfremur skal setja ákvæði um:
25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
 - 1) Rg. 45/1972, sbr. 351/1981, 266/1982, 487/1982, 716/1983, 451/1985 og 130/1988 (heilbrigðisreglugerð). Rg. 35/1986. (um mjólk og mjólkurvörur). Augl. 147/1985 (merking nauðsynjavara, sem innihalda eitrefni o. fl.). Rg. 140/1974 (tjald- og hjólhýsasvæði). Rg. 84/1982, sbr. 332/1983 (starfsmannabústaðir og -búðir). Rg. 408/1988 (um merkingu neytendaumbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur). Rg. 409/1988 (um aukaefni í matvælum). Rg. 149/1989 (um meindýraeyða).

3. gr.

- o 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.
- o 3.2. Í mengunarvarnareglugerð 1) skulu vera almenn ákvæði um:
1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
 4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
 5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
 6. Frárennsli og skolp.
 7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir loftmengun.
 8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
 9. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
 10. Önnur sambærileg atriði. Ennfremur skal setja ákvæði um:
 11. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
 12. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
 - 1) Rg. 386/1989. Augl. um starfsleyfi sjá t.d. 182/1988. Sjá einnig rg. við 1.52/1988, 18. gr.

II. kafli. Stjórn og skipan.

4. gr.

o 4.1. [Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, annarra en mengunarvarnamála sem heyra undir umhverfisráðherra.]
1) o 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

1) L. 47/1990, 8. gr.

5. gr.

o 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.

o 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg, sbr. 5.5.

o 5.3. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. og 3. gr. að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem [heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfisráðherra að því er varðar 3. gr. staðfesta] 1) og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

o 5.4. Svæðisnefnd hefur yfirumsjón með fjármálum heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og gerir tillögur að fjárhagsáætlun og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á svæðinu fyrir næsta reikningsár og skal hafa sent þær hlutaðeigandi sveitarstjórnnum til staðfestingar fyrir 1. nóv. ár hvert. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu, sbr. 5.3., renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu reksturskostnaðar og það sem á vantar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda 1. des. næstliðins árs, sbr. 5.5.

o 5.5. Tillögur svæðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir sem hafa frest til athugasemda til 1. des. sama ár. Komi fram athugasemdir ber svæðisnefnd að ræða þær við viðkomandi forsvarsmenn sveitarfélaga og leita samkomulags. Náist ekki samkomulag ræður fjárhagslegur meirihluti.

o 5.6. Náist ekki samkomulag um hver skuli annast fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlit svæðisins ber stærsta sveitarfélaginu að annast það gegn hæfilegri þóknun.

1) L. 47/1990, 8. gr.

6. gr.

o 6.1. Í landinu skulu starfa 46 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan nefndarmanna og kosningar fer sem hér segir:

o 6.2. Reykjavíkursvæði: Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn.

Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

o 6.3. Akranessvæði:

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

o 6.4. Vesturlandssvæði:

Þar starfa fjórar nefndir:

1. Borgarnes, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Borgarneshreppur, 1) Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur,

Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur 1) skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2. Ólafsvík, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, 1) Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur 1) skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Stykkishólmur, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, 1) Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. Búðardalur, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

o 6.5. Vestfjarðasvæði:

Par starfa 6 nefndir:

1. Austur-Barðastrandarsýsla, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

2. Patreksfjörður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalshreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3. Vestur-Ísafjarðarsýsla, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrahreppur og Suðureyrahreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrahreppur einn og Suðureyrahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. Bolungarvík, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.

5. Ísafjörður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrahreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjú fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6. Hólmavík, skipuð þrem fulltrúum.

Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

o 6.6. Norðurlandssvæði vestra:

Par starfa 4 nefndir:

1. Hvammstangi, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Porkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2. Blönduós, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, 1) Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur 1) skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Sauðárkrókur, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4. Siglufjörður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum.

o 6.7. Eyjafjarðarsvæði:

Þar starfa 3 nefndir:

1. Ólafsfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. Dalvík, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3. Akureyri, skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

o 6.8. Norðurlandssvæði eystra:

Þar starfa 4 nefndir:

1. Húsavík, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. Kópasker, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. Þórshöfn, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

4. Raufarhöfn, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

o 6.9. Austurlandssvæði:

Par starfa 9 nefndir:

1. Vopnafjörður, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnnum.

2. Seyðisfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.

3. Egilsstaðir, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótaldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, 1) Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur 1) skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4. Neskaupstaður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

5. Eskifjörður, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.

6. Reyðarfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.

7. Fáskrúðsfjörður, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

8. Djúpivogur, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

9. Höfn, Hornafirði, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, 1) Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur 1) skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

o 6.10. Suðurlandssvæði:

Par starfa 9 nefndir:

1. Kirkjubæjarklaustur, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. Vík í Mýrdal, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur- Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.

3. Hvolsvöllur, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. Hella, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5. Laugarás, skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

6. Selfoss, skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

7. Hveragerði, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Hveragerðishreppur. 1)

8. Þorlákshöfn, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.

Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.

9. Vestmannaeyjar, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

o 6.11. Suðurnesjasvæði:

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kys einn fulltrúa.

o 6.12. Hafnarfjarðarsvæði:

Þar starfa 2 nefndir:

1. Hafnarfjörður, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.

2. Garðabær, skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur. Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

o 6.13. Kópavogssvæði:

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

o 6.14. Kjósarsvæði:

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellshreppur, 1) Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneshreppur 1) skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellshreppur 1) tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

o 6.15. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu álit Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.

o 6.16. Þau sveitarfélög sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.

o 6.17. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.

o 6.18. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.

o 6.19. Formaður svæðisnefndar sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram þar sem við á.

1) Þessir hreppar hafa nú hlotið kaupstaðarréttindi.

7. gr.

o 7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunarreglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.

Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:

1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.

2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.

3. Fræðslu um hollustuháttamál.

4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

8. gr.

o 8.1. Sveitarstjórnir, bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

9. gr.

o 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.

o 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu lækniheraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.

o 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.

o 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

o 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.

o 9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.

o 9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar séu boðaðir.

10. gr.

o 10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

o 10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.

- o 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
- o 10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

- o 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík) sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir með störf svæðisnefnda auk héraðslæknis sem er formaður.
- o 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- o 11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða og hafa yfirumsjón með fjármálum í samræmi við 5. gr.

12. gr.

- o 12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. kafli. Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

- o 13.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- o 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknum, sem þessu eru tengdar, og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- o 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu ofangreinds eftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á þessu sviði, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- o 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
- o 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
- o 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustuhætti.
- o 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.
- o 13.8. Stofnunin leitar ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta starfsemi þessara embætta.
- o 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- o 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- o 13.11. Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

o 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefni einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

o 14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og móta stefnu í málefnum stofnunarinnar og hafa umsjón með gerð fjárhagstillagna.

o 14.3. Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur.

15. gr.

o 15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar til fjögurra ára. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði.

o 15.2. Framkvæmdastjóri annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

16. gr.

o 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við svið stofnunarinnar.

o 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnum fagbókakosti.

17. gr.

o 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

o 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningu frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

o 17.3. Rannsóknastofa annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknarverkefni eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

o 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul.

3. gr. Mengunarvarnir annast ennfremur:

1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.

2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.

o 17.5. Eiturefnaeftirlit annast yfirumsjón með vöruskráningu og innflutningi eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Jafnframt skal eiturefnaeftirlit hafa yfirumsjón með eftirliti annarra vara sem geta verið skaðlegar heilsu manna og sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum. Skráning innlendra vörutegunda á sviði nauðsynjavara fer fram að fengnum tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

o 17.6. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og sérhæfð verkefni sem stofnuninni er falið að annast.

o 17.7. Hollustuvernd ríkisins getur tekið að sér verkefni, bæði rannsóknir og ráðgjöf, að fengnum tillögum stjórnar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

18. gr.

o 18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar þar sem fram skulu koma frekari ákvæði um verkefni og verkaskiptingu.

19. gr.

o 19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn:

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.

2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.

3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.

4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.

o 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.

o 19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

o 20.1. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk.

o 20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu til starfa á ýmsum sviðum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

o 20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk á einstökum sviðum að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.

21. gr.

o 21.1. Eiturefnanefnd, samkvæmt lögum nr. 85/1968, 1) manneldisráð, samkvæmt lögum nr. 45/1978, og tóbaksvarnanefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánú samstarfi við hana, en halda að fullu sjálfstæði samkvæmt fyrrgreindum lögum. Ráðinn skal erindreki að stofnuninni til fræðslu- og upplýsingastarfa.

o 21.2. Stofnunin skal hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit, Siglingamálastofnun og Ríkismat sjávarafurða um öll mál er varða starfsemi þeirra.

1) Nú l. 52/1988.

IV. kafli. Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

o 22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir, um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

o 22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. Bann eða takmörkun hundahalds 1) og annars gæludýrahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps. 2)
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

o 22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

o 22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

o 22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

1) T. d. samþ. 428/1987 (Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Hafnahreppur), 217/1985 (Hvolsvallarkauptún), 425/1986 (Bolungarvík), 439/1986 (Laugarvatn), 295/1987 (Akureyri), 225/1987 (Ölfushreppur), 307/1987 (Ísafjarðarkaupstaður), 341/1987 (Búlandshreppur), 430/1987 (Stykkishólmur), 293/1988 (Hveragerði), 81/1988 (Ólafsfjörður), 149/1988 (Súðavíkurhreppur), 257/1988 (Kópavogur). 115/1989 (Laxárdalshreppur), 305/1989 (Reykjavík).

2) T. d. samþ. 67/1985 (Bessastaðahreppur), 222/1985 (Tálknafjarðarkauptún), 367/1985 (Kópasker), 407/1985 (Laugarbakki), 14/1986 (Egilsstaðir), 344/1987 (Hella), 113/1989 (Mýrdalshreppur), 168/1975 (Akranes), 236/1973 (Ísafjörðu r), 139/1974 (Sauðárkrókur), 227/1978 (Akureyri), 310/1983 (Selfoss), og 271/1981 (Suðurnes).

V. kafli. Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

o 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 2. - 14. tölul. 6. gr.

24. gr.

o 24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.

o 24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

o 24.3. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði skal starfa heilbrigðisfulltrúi sem framkvæmdastjóri eftirlitsins í fullu starfi. Þar sem aðeins einn heilbrigðisfulltrúi er starfandi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.

o 24.4. Ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á hvert stöðugildi heilbrigðisfulltrúa.

25. gr.

o 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, 1) að ósk viðkomandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr.

1) Rg. 191/1985 (Vesturlandssvæði), 390/1987 (Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði).

26. gr.

o 26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

o 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins.

o 26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.

o 26.4. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð 1) um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1) Rg. 150/1983, sbr. 765/1983.

VI. kafli. Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr. A. Heilbrigðisnefndir.

o 27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.

2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

o 27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

o 27.3. Þar sem innsigliun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.

o 27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

o 27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

o 27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

o 27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhírðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

o 27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

o 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

o 27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.

o 27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

28. gr. B. Heilbrigðisfulltrúar.

o 28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 8. tl. - 11. tl. 27. gr.

o 28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 1. tl. 27. gr. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 1. tl. 3. 27. gr., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

29. gr. C. Hollustuvernd ríkisins.

o 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

o 29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur

eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.

o 29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 2. tl. 29. gr. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.

o 29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.

o 29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétt og málfrelsi.

o 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 8., 10. og 11. tölul. 27. gr.

[o 29.7. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit samkvæmt lögnum, sbr. 2.tölul. 17.gr., eða samkvæmt ákvörðun ráðherra, sbr. 4.tölul. 13.gr., getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27.gr.] 1)

1) Lög nr. 28/1990, 1.gr.

VII. kafli. Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

30. gr.

o 30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 1. - 2. tl. 29. gr. og

31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 2. tl. 30. gr. Málskot skv. þessum tölulíð frestar ekki upphaflegri ákvörðun.

o 30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:

Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.

o 30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

o 30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

o 30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

31. gr.

o 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna. 1)

o 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984, lög nr. 31/1970 1) og lög nr. 32/1986, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti hlutaðeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Ríkismats sjávarafurða, siglingamálastjóri og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórnna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.

o 31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

1) Nú l. 77/1981.

32. gr.

o 32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum heilbrigðisnefnda og annarra rétt hæfra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

o 33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.

34. gr.

o 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

35. gr.

o 35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

X Ákvæði til bráðabirgða. 1)

1) Brbákv. I eru skv. l. 50/1981, endurútg. með l. 109/1984. Ekki í endurútg. með l. 81/1988, en prentað hér. Brbákv. II eru skv. l. 81/1988.

X I. 1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknnum ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.

2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.

3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.

4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.

5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 4. tl. 26. gr. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.

6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar og manneldisráðs, sbr. l. tl. 21. gr., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.

7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.

8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðslufirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.

9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

10. ...

X II. 1. Starfsreglur skv. 17. gr. 1) skulu taka gildi við gildistöku laganna.

2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni eða hættuleg efni.

3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.

4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

1) Átt er við 18. gr. þessara laga.

Lög nr. 19 21. maí 1964. Skipulagslög. 1)

1) Augl. um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, 23/1967. Skipulagsreglugerð 318/1985.

I. kafli. Um stjórn skipulagsmála.

1. gr. [Umhverfísráðuneytið] 1) fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum.

o Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnarmálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en hinn án tilnefningar. Varamenn hinna tveggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn.

o Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum, er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því, sem segir í lögum þessum. Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.

o Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar, úr ríkissjóði.

1) L. 47/1990, 14. gr.

2. gr. Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins að fengnum tillögum skipulagsstjórnar. Hann fer í umboði ráðuneytisins og skipulagsstjórnar með framkvæmdir í skipulagsmálum eftir því, sem lög þessi ákveða.

o Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppdrátta og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Hann getur þó leyft, að slíkar mælingar og gerð skipulagsuppdrátta séu falin sérmenntuðum mönnum, er starfi í samráði við hann. Hann ákveður í samráði við skipulagsstjórn, að hvaða skipulagsverkefnum skuli unnið hverju sinni.

o Skipulagsstjóri hefur umsjón með því, að hvarvetna sé farið eftir gildandi skipulagi. Hann skal fylgjast með störfum byggingarnefnda. Skipulagsstjóri skal sitja fundi skipulagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Honum er heimilt með sama hætti að sitja fundi byggingarnefnda.

o Nú telur skipulagsstjóri, að byggingarleyfi brjóti í bága við samþykkt eða fyrirhugað skipulag, og skal hann þá leita úrskurðar ráðherra um, hvort það skuli fellt úr gildi. Ef skipulagsstjóri leitar úrskurðar samkvæmt framansögðu, er óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum samkvæmt nefndu byggingarleyfi, unz úrskurður ráðherra liggur fyrir, en leita skal ráðherra áður umsagnar skipulagsstjórnar og viðkomandi sveitarstjórnar, sem skulu senda umsagnir sínar innan hæfilegs frests, sem ráðherra tiltekur.

o Skipulagsstjórn og skipulagsstjóri skulu árlega gefa ráðuneytinu skýrslu um störf sín.

o Laun skipulagsstjóra, svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr. Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er, að dómi skipulagsstjórnar, svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi, eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að

samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag, sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.

o Sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, skipa hvor eða hver um sig tvo menn í samvinnunefnd, en skipulagsstjórn skipar einn mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

o Skipulagsstjórn skal aðstoða nefndina við störf sín eftir þörfum.

o Samvinnunefnd getur með samþykki skipulagsstjórnar leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar, sem þörf krefur.

o Ráðherra setur nefndinni starfsreglur 1) og ákveður kjörtíma hennar, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

1) Reglur 144/1965 (Reykjavík og nágrenni), 109/1978 (Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöllur), 223/1984 (Eyjafjarðarsvæði), 202/1985 (Suðurnes), 49/1989 (Þingvalla-, Grafnings- og Grímsneshreppur), 399/1989 (Akranes og sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar).

II. kafli. Um skipulagsskyldu og eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr. [Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

o Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

o Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdrátta afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

o Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.] 1)

1) L. 31/1978, 1. gr.

5. gr. Á skipulagsskyldu svæði skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Þess skal og gætt, að öllum lögnum rafmagnsveitna, síma, vatnsveitna o. s. frv. sé hagað í samræmi við hann. Sveitarstjórn (byggingarnefnd) ber að sjá um, að svo sé gert.

o [Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.] 1)

1) L. 31/1978, 2. gr.

6. gr. Nú er bygging eða gerð mannvirkis hafin á skipulagsskyldu svæði, án þess að tilskilin leyfi séu fengin, eða á annan hátt byggt en leyfi stendur til og skipulag gerir ráð fyrir, og skal sveitarstjórn (byggingarnefnd) þá hlutast til um, að framkvæmdir verði þegar stöðvaðar og fjarlægð það, sem byggt kann að hafa verið án leyfis. Gerist þess þörf, skal leitað til hlutaðeigandi yfirvalds, og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

o Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd yfirvalds, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður á forgangsveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í því efni, sem komið er í hina ólöglegu byggingu.

o Nú kemur í ljós, að skipulagsákvæði eru brotin, og sveitarstjórn beitir ekki valdi sínu til að leiðrétta það, og skal þá ráðuneytið, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, hlutast til um, að mannvirki, sem tvímælalaust brjóta í bág við gildandi skipulag, verði fjarlægð á kostnað sveitarsjóðs.

III. kafli. Um mælingar skipulagsskyldra staða.

7. gr. Á öllum skipulagsskyldum stöðum skal mæla svæði það, sem byggð nær yfir, og eigi minna land umhverfis en ætla má, að fullnægi eðlilegum vexti byggðarinnar næstu 25 ár.

o Skipulagsstjóri ákveður í samráði við skipulagsstjórn, hvar mælingar og endurskoðun eldri mælinga skuli fram fara hverju sinni.

8. gr. Eigendum (umráðamönnum) lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum umferð um lönd og lóðir eftir því, sem þörf krefur, vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki (hæðarmerki á hús og merki á jörðu), þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

9. gr. Um gerð og frágang uppdráttu samkvæmt þessum kafla fer eftir reglugerð, 1) sem ráðherra setur.

1) Rg. 18/1922.

IV. kafli. Um gerð skipulagsuppdráttu.

10. gr. Á skipulagsuppdrætti, samkvæmt 4. gr., skal sýna aðalumferðaræðar, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi og opin svæði, svo og staðsetningu nauðsynlegra bygginga til almenningsþarfa o. s. frv. Þar skal einnig gera grein fyrir nýtingarhlutfalli, sbr. 13. gr.

o Heimilt er skipulagsstjórn með samþykki sveitarstjórnar að fresta ákvörðun um skipulagningu hluta af landssvæði skipulagsskylds staðar, og skal þá auðkenna slíkt svæði sérstaklega. Slík ákvörðun getur gilt allt að 10 ár í senn, en að loknum þeim tíma skal tekið til nýrrar athugunar, hvort ráðizt skuli í skipulagningu þessa svæðis að nokkru eða öllu leyti.

o Ef ekki næst samkomulag milli skipulagsstjórnar og sveitarstjórnar um það, hvort nota skuli heimild til frestunar, samkvæmt 2. mgr., sker ráðherra úr, en leita skal hann áður umsagnar beggja aðila.

o Sveitarstjórn skal láta þinglýsa slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þær eignir, sem ákvarðanirnar taka til. Slík skjöl skulu undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

11. gr. Þar sem gerður hefur verið skipulagsuppdráttur, skv. 10. gr., skal, þar sem þörf krefur, einnig gera séruppdrætti að skipulagi einstakra bæjarhverfa.

o Á séruppdrætti skal gerð nánari grein fyrir skipulaginu í einstökum atriðum, svo sem legu og breidd gatna, breidd akbrauta og gangstétta, lóðamörkum, staðsetningu bygginga, stærð þeirra og hæð. Þar má og kveða nánar á um gerð húsa og útlit eftir því, sem ástæða þykir til.

o Á séruppdrætti er heimilt að víkja nokkuð frá meginreglum skipulagsuppdráttar, samkvæmt 10. gr., að því er varðar einstök atriði skipulags, þó því aðeins, að með því verði ekki raskað að verulegu leyti nýtingarhlutfalli því, sem ákveðið hefur verið í hverfinu samkvæmt 13. gr.

12. gr. Nú er ákveðið að beita ákvæðum 3. gr. um svæðaskipulagningu, og skal þá gera uppdrátt af því svæði, sem um er að ræða, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., eftir því sem þörf krefur.

o Ef talið er æskilegt að fresta um tiltekið árabíl, þó ekki lengur en 10 ár í senn, ákvörðun um skipulagningu hluta af svæðinu, skal auðkenna það sérstaklega á uppdrætti. Er þá óheimilt að reisa á svæðinu nokkur varanleg mannvirki, nema sérstök heimild skipulagsstjórnar komi til. Heimilt er þó sveitarstjórn í samráði við skipulagsstjóra að leyfa byggingar á svæðinu, er hún telur slíkt nauðsynlegt vegna atvinnurekstrar, sem þar er fyrir. Binda má leyfi því skilyrði, að umrætt mannvirki verði fjarlæggt sveitarsjóði að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafizt.

o Þinglýsa má slíkum ákvörðunum sem kvöðum á þeim eignum, sem ákvarðanir taka til. Skulu slík skjöl undanþegin gjöldum í ríkissjóð og sveitarsjóð.

o Samvinnunefndin skal sérstaklega auðkenna þau svæði, sem hún telur heppilegast að skipulögð verði endanlega og gerð byggingarhæf á næstu 10 árum frá því að uppdrátturinn tekur gildi.

o Í reglugerð má kveða nánar á um gerð slíkra uppdráttu, sbr. og 13. gr.

13. gr. Ráðherra skal, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, setja reglugerð 1) um gerð skipulagsuppdráttu, samkv. 10. og 11. gr.

o Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdráttu, og hver greinargerð fylgja skuli uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur gera skuli um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti. Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólfflatar húss og lóðarstærðar. Ákveða má, að auðkenndir skuli sérstaklega á uppdrætti þeir staðir, sem eru áberandi, t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykki skipulagsstjórnar.

o [Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.] 2)

1) Rg. 318/1985 (skipulagsrg.).

2) L. 31/1978, 3. gr.

14. gr. Skipulagsstjórn getur með samþykki ráðherra látið fram fara opinbera samkeppni um skipulag ákveðins sveitarfélags, hluta þess eða svæðis, sem nær að nokkru leyti eða öllu yfir tvö sveitarfélög eða fleiri. Áður en slík samkeppni er ákveðin, skal skipulagsstjórn leita umsagnar þeirra sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

o Um samkeppnina skal fara eftir þeim samkeppnisreglum, er skipulagsstjórn samþykkir, en að öðru leyti sker ráðherra úr vafaatriðum, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

15. gr. Þegar skipulagsstjórn hefur samþykkt tillögu að skipulagsuppdrætti, samkvæmt 10. gr. (svo og 11. gr. að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt), skal tillagan send viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnnum) til umsagnar. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn sína innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé settur. Ef umsögn berst ekki innan tiltekins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

16. gr. Þegar samvinnunefnd hefur lokið tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni, skal hún senda málið til meðferðar skipulagsstjórnar.

o Nú fellst skipulagsstjórn á skipulagstillögunu og skal tillagan þá send til umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem hún tekur til. Sveitarstjórn skal láta í té umsögn innan þriggja mánaða, nema lengri frestur sé veittur. Ef umsögn berst ekki innan tilskilins frests, telst sveitarstjórn hafa samþykkt uppdráttinn að svo stöddu.

o Ef sveitarstjórn gerir breytingartillögur og samvinnunefnd getur ekki á þær fallizt, þá skal skipulagsstjóri boða til fundar samvinnunefndar og fulltrúa þeirra sveitarstjórna, sem um málið hafa fjallað að því leyti, sem málið geti varðað viðkomandi sveitarstjórn. Náist ekki samkomulag þar, ákveður skipulagsstjórn, hvort tillagan skuli lögð fram.

o Nú hefur verið gerður skipulagsuppdráttur og ákveður skipulagsstjórn þá, hvort taka skuli athugasemdir sveitarstjórna til greina að einhverju eða öllu leyti.

V. kafli. Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu.

17. gr. Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu, samkvæmt 15. og 16. gr., fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjöllum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

o Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr.

18. gr. Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

o Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borizt hafa, ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

o Hafi samvinnunefnd fjallað um skipulagstillöguna, skal leitað umsagnar hennar um athugasemdirnar.

o Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

o Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis og annað, er hún telur máli skipta. 1)

1) T. d. augl. 432/1988 (Selfoss), 252/1982 (Dalvík), 425/1982 (Hveragerði), 794/1982 (Hafnarfjörður).

19. gr. Nú telur skipulagsstjórn eða sveitarstjórn, að endurskoða eða breyta þurfi staðfestum skipulagsuppdrætti, og fer þá um málsmeðferð, skv. 15. - 18. gr., eftir því, sem við á hverju sinni.

o Byggingarframkvæmdir á þeim svæðum, sem óskað er breytingar skipulags á, eru þá háðar ákvæðum 2. mgr. 5. gr., sbr. 6. gr., unz endurskoðun eða breytingu skipulagsins er lokið.

o Nú óskar sveitarstjórn, að gerðar verði breytingar á staðfestum skipulagsuppdrætti, er séu það óverulegar, að ekki sé talin ástæða til meðferðar, samkvæmt 1. mgr., og skal þá gera tillögu til skipulagsstjórnar um breytingarnar.

o Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um það, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Ef skipulagsstjórn fellst á breytinguna, staðfestir hún hana, tilkynnir hana ráðuneytinu, sem sér um, að frá henni verði skýrt í Stjórnartíðindum.

20. gr. Heimilt er sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar að fresta um ákveðið árabíl, þó ekki lengur en 10 ár í senn, staðfestingu skipulagsuppdráttar ákveðins svæðis, samkvæmt 10. (og 11. gr.), enda sé land það, sem uppdrátturinn tekur til, að öllu leyti í eigu sveitarfélagsins eða aðila, sem samþykkja þá tilhögun.

o Þá er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fresta staðfestingu, ef sérstök óvissa ríkir um þýðingarmikil atriði, sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

o Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, er heimilt að falla frá þeirri opinberu auglýsingu og birtingu skipulagstillagna, sem um ræðir í þessum kafla.

o Þótt uppdráttur hljóti ekki staðfestingu, samkvæmt 1. mgr., er sveitarstjórn (byggingarnefnd) skylt að fara eftir honum, og verður honum ekki breytt, nema gætt sé reglna 19. gr., eftir því sem við á.

21. gr. Nú hefur skipulag hlotið staðfestingu, en lóðaskipting á tilteknum byggingarreit eða hluta hans er að dómi skipulagsstjórnar svo óhentug, að miklum erfiðleikum er bundið eða ekki unnt að byggja samkvæmt því, nema breyting á lóðamörkum komi til, og skal hún þá gera tillögu um nýja lóðaskiptingu. Ef sveitarstjórn samþykkir lóðaskiptinguna, skal hún leita samkomulags við lóðaeigendur um nauðsynlegar breytingar.

o Ef ekki næst samkomulag, getur sveitarstjórn látið fram fara eignarnám í samræmi við ákvörðun sína.

22. gr. Nú er lóð á skipulögðum reit að dómi skipulagsstjórnar svo óheppilega löguð eða svo lítil, að ekki megi nýta til bygginga samkvæmt skipulagi, og má þá ákveða, að hún verði lögð við aðra lóð eða lóðir.

o Ef eigendur verða ekki ásáttir um eignarhlutdeild í hinni nýju lóð, skal úr þeim ágreiningi skorið með mati dómkvaddra manna.

VI. kafli. Um framkvæmd skipulags eldri hverfa.

23. gr. Nú telur sveitarstjórn rétt að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um endurbyggingu byggingarreits eða hluta af honum í samræmi við staðfest skipulag, og skal þá gerð um það sérstök ályktun.

o Ályktun þessi skal tilkynnt skriflega eigendum (umráðamönnum) fasteigna á umræddu svæði. Nú telur sveitarstjórn vafa leika á því, hverjum tilkynna skuli, og skal þá jafnframt birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði einu sinni. Skulu aðilar innan frests, sem sveitarstjórn ákveður og eigi má vera skemmri en fjórar vikur, tilkynna skriflega, hvort þeir óski að taka að sínu leyti þátt í endurbyggingunni og hefjast handa innan þess tíma, sem sveitarstjórn tiltekur.

o Þegar sveitarstjórn hefur kynnt sér, hverjar undirtektir ályktunin hefur fengið, ákveður hún, hvort málinu skuli haldið áfram að sinni.

o Ef ákveðið verður að halda áfram, skal tilkynna aðilum þá ákvörðun og jafnframt boða til sameiginlegs fundar þeirra. Skal í þeirri tilkynningu tekið fram, að verði af félagsstofnun um málið, megi þeir, sem ekki gerast þátttakendur, vænta þess, að fasteign (fasteignir) þeirra á svæðinu verði tekin eignarnámi af sveitarstjórn.

o Heimilt er sveitarstjórn að binda eignarnám því skilyrði, að þeir, sem eru aðilar, skuldbindi sig til að kaupa viðkomandi eignir fyrir það verð, er sveitarsjóður verður að hlíta, þannig að hann verði skaðlaus.

o Skylt er sveitarstjórn að bjóða aðilum, sem tjáð hafa sig fylgjandi félagsstofnun, forkaupsrétt. Ef fleiri en einn óska að neyta forkaupsréttar, sker sveitarstjórn úr, hverjum selja skuli. Ef forkaupsréttur er ekki notaður, getur sveitarsjóður selt hverjum þeim, sem gengst undir skuldbindingar um þátttöku í endurbyggingu með þeim skilmálum, sem sveitarstjórn setur.

24. gr. Þegar þannig hefur verið gengið frá, að allir eigendur fasteigna á viðkomandi byggingarreit eða hluta byggingarreits hafa lýst sig reiðubúna að hefja byggingarframkvæmdir, skal fara fram mat, framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum, ef eigendur verða ekki sammála um verð eignanna.

o Kostnaður við matið skal greiddur úr sveitarsjóði, en heimilt er að endurkrefja eigendur viðkomandi fasteigna um helming kostnaðarins miðað við eignarhluta hvers um sig. Um framkvæmd mats fer eftir reglum laga nr. 61/1917. 1)

1) Nú l. 11/1973.

25. gr. Ef aðilar verða ekki ásáttir um annað félagsform, skal stofnað hlutafélag, og hefur sveitarstjórn forgöngu um þá stofnun.

o Hlutdeild hvers um sig í hlutafélaginu skal miða við það lóðarandvirði (matsverð), sem hann leggur fram. Andvirði mannvirkja, sem á reitnum eru, og nauðsynlegt verður að fjarlægja, svo og niðurrifskostnað, skal telja til byggingarkostnaðar, nema öðruvísi semjist milli aðila.

VII. kafli. Um forkaupsrétt, eignarnám og skaðabætur.

26. gr. Sveitarstjórn getur með sérstakri samþykkt 1) áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins, ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum. Um meðferð slíkra mála fer eftir ákvæðum laga nr. 22/1932.

1) T. d. samþ. 385/1985 (Neskaupstaður), 397/1989 (Stykkishólmur), 156/1985 (Hveragerði), 314/1985 (Suðureyrarhreppur), 438/1986 (Súðavíkurhreppur), 344/1986 (Svalbarðsstrandarhreppur), 499/1986 (Akranesskaupstaður), 488/1988 (Keflavíkurkaupstaður), 398/1989 (Ísafjarðarkaupstaður), 46/1989 (Hafnarfjörður), 72/1989 (Kópavogskaupstaður).

27. gr. Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki ráðherra, að taka eignarnámi landssvæði (fasteignir) innan sveitarfélagsins, ef skipulagsstjórn telur það nauðsynlegt vegna fyrirsjáanlegrar og eðlilegrar þróunar sveitarfélagsins.

28. gr. Heimilt er sveitarstjórn að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteignar eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi.

29. gr. Skaðabætur vegna framkvæmda á skipulagi skulu því aðeins greiddar, að um eignarnám sé að ræða, samkvæmt lögum þessum, eða svo sé ástatt, sem segir í grein þessari.

o Nú gerir staðfest skipulag ráð fyrir því, að lóð rými svo mjög, að hún verði illa nothæf til byggingar, að dómi dómkvaddra manna, og skal þá greiða bætur, ef eigandi (umráðamaður) getur sýnt fram á, að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum. Bætur mega nema heildarandvirði eignarinnar, ef krafizt verður, að sveitarfélag taki við henni allri, en slíkt er þó því aðeins skylt, að sá hluti lóðar, sem eftir verður, sé að dómi dómkvaddra manna ónothæfur til byggingar.

o Nú er ákveðin á staðfestum skipulagsupphætti tiltekin lega götu eða vegar eða að tiltekið svæði skuli tekið til almenningsnota, og slíkt veldur því, að dómi dómkvaddra manna, að eigandi fasteignar getur ekki nýtt hana eins og eðlilegt er miðað við allar aðstæður, m. a. hagnýtingu fasteigna í næsta nágrenni, og á hann þá rétt á bótum. Ef eigandi krefst, er sveitarstjórn skylt að kaupa eignina fullu verði.

o Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem þær hafa í för með sér á viðkomandi eign. Ef talið er, að verðhækkunin sé jafnmikil eða meiri en bótaskylt tjón, skal engar bætur greiða. Enn fremur ber að miða við eftirtalin atriði í sambandi við ákvörðun bóta: Hvort nýtt skipulag hefur áhrif nú þegar eða síðar á verðmæti eignarinnar, hverjar kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsaæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna, opin svæði o. s. frv., að því er snertir sambærilegar eignir, enn fremur hvort skipulagið gerir viðhorf fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðara eða óhagstæðara en áður var o. s. frv. Þá ber og að miða við þann arð, sem telja má, að eðlileg notkun eignarinnar gefi af sér.

o Sá, sem telur sig eiga rétt á bótum, samkvæmt þessari grein, skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar innan tilskilins frests, sem sveitarstjórn ber að auglýsa með þeim hætti, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á hverjum stað. Fresturinn má ekki vera skemmri en 8 vikur.

o Sveitarstjórn annast um, að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur samkvæmt þessari grein. Allar bætur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar úr sveitarsjóði. Um framkvæmd mats fer samkvæmt lögum nr. 61/1917. 1)

1) Nú l. 11/1973.

30. gr. Nú er land í einkaeign og eigandi óskar, að því eða hluta þess verði breytt í byggingarlóðir, samkvæmt gildandi skipulagi, og skal sveitarstjórn slíkt heimilt, enda láti landeigandi endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið til almenningsþarfa, t. d. gatna, leikvalla o. s. frv., sem svarar 1/3 af heildarflatarmáli þeirra byggingarlóða, sem heimild sveitarstjórnar nær til. Ef landeigandi ræður ekki yfir nægu landi

umfram lóð eða lóðir, getur sveitarstjórn heimilað, að hann leysi sig undan kvöð þessari með því að greiða andvirði þess, sem á vantar, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

o Sveitarstjórn getur frestað því að nota heimild, samkvæmt 1. mgr., þar til gerðar hafa verið fullnægjandi götur og holræsi, þannig að lóðir séu byggingarhæfar. Hún getur bundið slíka heimild því skilyrði, að greitt verði tiltekið gjald í sveitarsjóð, og fer um upphæð gjaldsins eftir gjaldskrá, er sveitarstjórn semur og ráðherra staðfestir. Skal upphæðin við það miðuð, að landeigandi greiði allt að 4/5 áætlaðs kostnaðar við gerð gatna og holræsa. Þegar þeir, sem hlut eiga að máli, hafa greitt gjaldið, er sveitarstjórn skylt að hefja framkvæmdir og ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Greiðslur samkvæmt þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki, ef þörf krefur.

VIII. kafli. Um lóðaskrá o. fl.

31. gr. Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal.

o [Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brotnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdráttu af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.] 1)

1) L. 25/1972, 1. gr.

32. gr. Ráðuneytið getur ákveðið, að sveitarstjórn á skipulagsskyldum stað láti á kostnað sveitarsjóðs gera lóðaskrá, þar sem tilgreind skulu öll lönd og lóðir innan sveitarfélagsins eða tiltekins hluta þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um gerð lóðaskrár.

IX. kafli. Um greiðslu kostnaðar o. fl.

33. gr. Kostnaður við mælingar, sem skipulagsstjóri framkvæmir, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna mælinga, sem framkvæmdar eru í þess þágu.

o Ef sveitarfélag annast mælingar, skal kostnaður við þær mælingar greiddur úr sveitarsjóði, en skylt er ríkissjóði að endurgreiða helming slíks kostnaðar, enda hafi skipulagsstjórn samþykkt, að sveitarfélagið annaðist mælingarnar. Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.

34. gr. Kostnaður við skipulagningu, sem skipulagsstjórn annast, skal greiddur úr ríkissjóði. Skylt er sveitarfélagi að endurgreiða helming slíks kostnaðar vegna skipulagningar, sem framkvæmd er í þess þágu. Sama gildir um kostnað samvinnunefndar, samkvæmt 3. gr. Verði ágreiningur á milli sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

o Nú hefur sveitarstjórn annast fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdráttu í sínu sveitarfélagi með samþykki skipulagsstjórnar og undir yfirstjórn hennar, og er þá ráðherra heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði helming kostnaðar sveitarstjórnar við slíkar framkvæmdir, þó eigi hærri fjárhæð en nemur helmingi þeirra gjalda, sem greiðast af gjaldskyldum eignum í sveitarfélaginu, samkvæmt 35. gr. laga þessara.

o [Þá getur skipulagsstjórn heimilað sveitarstjórn að annast á eigin kostnað tiltekið skipulagsverkefni undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Ráðherra er þá heimilt að láta greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar sveitarstjórnar við það verkefni, enda

hafi skipulagsstjórn staðfest samning sveitarstjórnar við þann aðila, sem verkefnið tekur að sér, þ. á m. kveðið á um hámarksframlag ríkissjóðs.] 1)

35. gr. Til þess að standast straum af kostnaði ríkissjóðs af framkvæmd skipulagsmála, samkvæmt lögum þessum, er ráðherra heimilt að ákveða með sérstakri reglugerð, 1) að innheimt skuli í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3 o/oo af brunabótaverði hvernar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.

o [Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.] 2)

1) Rg. 167/1980.

2) L. 42/1974, 1. gr.

X. kafli. Refsiákvæði o. fl.

36. gr. Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum ... 1) sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggji við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

o Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að [5000] 1) króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

1) L. 75/1982, 21. gr.

Lög nr. 54 16. maí 1978. Byggingarlög. 1)

1) Innfærðar breytingar skv. l. 47/1990, 15.gr. Öðlast gildi 1.jan.1990.

I. kafli. Gildissvið laganna.

1. gr. Lög þessi taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum þessara laga eru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi, dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum. o Mannvirki undanþegin ákvæðum þessara laga skulu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd.

o Leiki vafi á því, hvort mannvirki er háð ákvæðum laga þessara, skal [umhverfísráðuneytið] 1) úrskurða um það.

2. gr. Þar sem sérstaklega stendur á, getur ráðuneytið, að fenginni umsókn hlutaðeigandi sveitarstjórnar og umsögn skipulagsstjórnar, heimilað sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum laganna.

1) L. 47/1990, 15. gr.

II. kafli. Yfirstjórn byggingarmála, almenn byggingarreglugerð og byggingarsamþykktir.

3. gr. [Umhverfísráðuneytið] 1) fer með yfirstjórn byggingarmála. Ráðuneytinu til aðstoðar eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, sem fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga þessara.

1) L. 47/1990, 15. gr.

4. gr. [Umhverfísráðuneytið] 1) setur almenna byggingarreglugerð 1) svo og sérreglugerðir með ákvæðum um staðla á ýmsum sviðum byggingariðnaðarins.

o Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttáð skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja, sem lög þessi taka til. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræstingu, lagnir, birtu, svo og aðra hollustuhætti og eldvarnir, að því leyti sem ekki er kveðið á um slíkt annars staðar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru varðandi einstaka hluta byggingar og mismunandi tegundir bygginga, umgengni á vinnustöðvum og frágang lóða. Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um réttindi og skyldur byggingarstjóra, starfssvið hönnuða og iðnmeistara, hversu háttáð skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt.

o Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

o Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök, sem þar er fjallað um og orkað geta tvímælis, s. s. varðandi stærðir og byggingarstig mannvirkja.

o Birta skal hina almennu byggingarreglugerð og sérreglugerðir í B-deild Stjórnartíðinda.

1) Byggingarrg. 292/1979, sbr. 298/1979, 447/1979, 164/1982, 19/1983, 152/1984, 490/1986, 177/1987 og 384/1989.

1) L. 47/1990, 15. gr.

5. gr. Sveitarstjórnnum er heimilt að setja í sérstaka byggingarsamþykkt fyllri ákvæði m. a. um stjórn og meðferð byggingarmála, um réttindi og skyldur iðnmeistara og byggingarfulltrúa og starfsreynslu. Til þess að byggingarsamþykkt

öðlist gildi, þarf [umhverfísráðuneytið] 1) að staðfesta hana að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins. Byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

1) L. 47/1990, 15. gr.

III. kafli. Byggingarnefndir.

6. gr. Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sbr. þó 2. mgr. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Nefndin skiptir með sér verkum.

o Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða -félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa, sbr. 24. gr. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og störfum byggingarfulltrúa. [Umhverfísráðuneytið] 1) skal staðfesta slíka samninga og úrskurðar jafnframt ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

o Starfsmenn sveitarfélaga eru kjörgengir í byggingarnefnd.

o Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja alla fundi byggingarnefndar.

o Sveitarstjórn og svæðisbyggingarnefnd geta ákveðið, að starfsmenn sveitarfélags og aðrir opinberir starfsmenn, sem fjalla um byggingar- og skipulagsmál, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

o Skipulagsstjóri ríkisins eða staðgengill hans hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

1) L. 47/1990, 15. gr.

7. gr. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og ráðuneytis, sbr. þó 7. mgr. 8. gr.

o Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir og hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og að lög og reglur um byggingarmálefni séu haldin.

o Byggingarnefnd annast þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.

o Enn fremur er sveitarstjórn heimilt að fela byggingarnefnd önnur störf á sviði byggingarmála, s. s. að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál, nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

8. gr. Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. mánaðarlega, svo framarlega sem erindi liggja til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað. Byggingarnefnd skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð hverju sinni.

o Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur á fundi og hefur tekið þátt í afgreiðslu máls. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn með máli og móti, er málið fallið.

o Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanns eða manns, sem situr fundi nefndarinnar, skal hann víkja af fundi, meðan það mál er til umræðu og afgreiðslu.

o Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal nefndin rökstyðja synjunina, sé þess sérstaklega óskað.

o Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef sveitarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast ályktunin gildi, enda sé skilyrðum IV. kafla laga þessara fullnægt.

o Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða, frá því að hún var gerð, öðlast ályktunin gildi, enda hafi ákvæðum IV. kafla laganna verið fullnægt.

o Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls, sker [umhverfissráðherra] 1) úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar.

o Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar [umhverfissráðherra] 1) innan þriggja mánaða, frá því honum varð kunnugt um ályktunina. [Umhverfissráðherra] 1) skal kveða upp úrskurð sinn um ágreininginn innan þriggja mánaða frá áfrýjun, og skal hann áður hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og skipulagsstjórnar.

1) L. 47/1990, 15. gr.

IV. kafli. Byggingarleyfisumsóknir og byggingarleyfi.

9. gr. Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

o Framkvæmdir samkvæmt 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 4. gr. 1. mgr. skipulagslaga.

o Í sambandi við niðurrif og breytingar á húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969, 1) um friðun húsa og annarra mannvirkja.

o Byggingarleyfi skal vera skriflegt og öðlast gildi, þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi áritað aðaluppdrátt.

2. Þeir, sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum, hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd.

o Staðfesting á samþykkt byggingarnefndar, skv. 1. tölulið, fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykki sveitarstjórnar.

1) Nú l. 88/1989, v. k.

10. gr. Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli, er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sérstakur fyrirvari hafi verið gerður á.

11. gr. Sá, sem óskar leyfis til framkvæmda samkvæmt 9. gr., skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum uppdráttum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um, hvaða önnur gögn skuli fylgja byggingarleyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið. Í byggingarreglugerð skal enn fremur kveðið á um, hvaða séruppdrætti skuli gera af mannvirkjum og hvenær þeir skuli hafa borist byggingarfulltrúa.

12. gr. Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynsla að baki. Þeir, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi, halda þeim rétti.

o Réttur samkvæmt 1. mgr. til að gera uppdrætti er háður löggildingu, sem [umhverfissráðherra] 1) veitir að fenginni umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags og Skipulagsstjórnar ríkisins. Þeir, sem gert hafa uppdrætti í einstökum byggingarnefndarumdæmum fyrir gildistöku laga þessara, halda þeim staðbundnu réttindum. Enn fremur getur ráðherra veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

o Heimilt er að sameina tvö eða fleiri starfssvið varðandi séruppdrætti fyrir einföld mannvirki.

o Uppdrættir skulu bera með sér, hverjir hafa gert þá. Sá, sem gerir aðaluppdrátt, skal að öðru jöfnu sjá um, að aðrir uppdrættir séu samræmdir.

o Þeir, sem aðaluppdrætti gera samkvæmt þessari grein, svo og þeir, sem gera séruppdrætti, hver á sínu sviði, skulu árita uppdrættina með eigin hendi og bera á þeim ábyrgð.

o Byggingarfulltrúum og starfsmönnum þeirra er óheimilt að gera uppdrætti að byggingum í hlutaðeigandi byggingarnefndarumdæmi, nema sérstaklega standi á, enda hafi byggingarnefnd fyrir fram veitt til þess samþykki sitt.

o Varðveita skal a. m. k. eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum af samþykktum byggingarmannvirkjum (aðaluppdráttum og séruppdráttum) í skjaliasafni byggingarfulltrúa. Enn fremur skulu áritaðir uppdrættir jafnan vera aðgengilegir á byggingarstað.

o Í reglugerð skal nánar kveðið á um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein.

1) L. 47/1990, 15. gr.

13. gr. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga. Ákvæði V. kafla laga þessara gilda um slík mannvirki, eftir því sem við á.

o Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum.

14. gr. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, sem brjóta í bága við skipulag og ákvæði laga og reglugerða eða rétt annarra.

15. gr. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar innan 12 mánaða, frá því leyfið var gefið út. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi, þegar undirstöður hafa verið steyptar. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota.

o Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta, getur sveitarstjórn, að fengnum tillögum byggingarnefndar, með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 36. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Sveitarstjórn er heimilt að setja strangari ákvæði um byggingarhraða.

V. kafli. Umsjón með byggingarframkvæmdum.

16. gr. Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.

17. gr. Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks í samráði við eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Sama gildir um uppsögn iðnmeistara. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir lögum og samningi þeirra.

18. gr. Byggingarstjóri ber ábyrgð gagnvart byggingarnefnd og öðrum aðilum á því, að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktu uppdrætti og að öðru leyti í samræmi við lög.

o Byggingarstjóri skal, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

o Nánari ákvæði um réttindi og skyldur byggingarstjóra skulu sett í reglugerð.

19. gr. Ákvæði 16. - 18. gr. hagma í engu réttindum og skyldum byggingariðnaðarmanna, sveina og meistara, samkvæmt lögum um iðju og iðnað og öðrum lögum.

o Iðnmeistarar skulu undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

VI. kafli. Byggingarfulltrúar o. fl.

20. gr. Sveitarstjórn skal, að fengnum tillögum byggingarnefndar, ráða sér byggingarfulltrúa. Skal byggingarfulltrúa sett erindisbréf í samráði við byggingarnefnd.

o Svæðisbyggingarnefndir skv. 2. mgr. 6. gr. skulu, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna, ráða byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf.

21. gr. Byggingarfulltrúi skal vera arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur. Í dreifbýli er heimilt að ráða búfræðikandidata úr tæknideild búnaðarháskóla í stöðu byggingarfulltrúa.

o Fáist ekki maður í stöðu byggingarfulltrúa, sem fullnægi skilyrðum 1. mgr., getur sveitarstjórn að fengnum tillögum byggingarnefndar ráðið húsasmíða- eða múrarmeistara til starfans.

o Framangreindir aðilar skulu a. m. k. hafa 2ja ára starfsreynslu, sem byggingarnefnd metur gilda.

o Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 1. mgr.

22. gr. Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann undirbýr fundi byggingarnefndar og mál, sem þar verða lögð fram. Hann gengur úr skugga um, að byggingaruppdrættir séu í samræmi við lög og reglur, áritar uppdrætti og gefur út byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi annast daglegt eftirlit með því, að hús og önnur mannvirki séu byggð í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglur. Hann annast úttektir einstakra þátta byggingarframkvæmda svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, þegar þess er óskað, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

o Þá annast byggingarfulltrúi önnur þau störf, sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglum, og störf, sem byggingarnefnd eða sveitarstjórn hefur falið honum, svo og útmælingu lóða, staðsetningu húsa svo og upplýsingagjöf til Fasteignamats ríkisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976.

23. gr. Nánari ákvæði um verksvið byggingarfulltrúa, skyldur hans og réttarstöðu gagnvart byggingaryfirvöldum og byggingaraðilum skulu sett í reglugerð.

24. gr. Sveitarstjórn (svæðisbyggingarnefnd) skipar aðstoðarmenn byggingarfulltrúa eftir því sem þörf krefur, að fenginni umsögn hans, og starfa þeir í umboði hans. Aðstoðarmenn byggingarfulltrúa skulu vera sérfróðir um byggingarmálefni. o Sveitarstjórn skipar einnig annað starfslið byggingarfulltrúa.

25. gr. Byggingarfulltrúa og starfsliði hans skal heimill aðgangur að byggingarmannvirki til eftirlits á vinnutíma.

26. gr. Nú er viðhald eða frágangi húss eða annars mannvirkis ábótavant að dómi byggingarfulltrúa, og skal hann þá gera eiganda (umráðamanni) þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því, sem áfátt er, innan tiltekins frests.

o Sinni eigandi (umráðamaður) ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur, skal með slík mál fara samkvæmt 36. gr.

27. gr. Sé ásigkomulag húss eða annars mannvirkis þannig, að hætta geti stafað af og eigandi (umráðamaður) hefur ekki sinnt áskorunum byggingarfulltrúa um úrbætur, getur byggingarnefnd, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, látið fjarlægja eða rífa mannvirkið á kostnað eiganda (umráðamanns), en gera skal honum aðvart áður.

VII. kafli. Leyfisgjöld.

28. gr. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um hámarksmælingagjöld og byggingarleyfisgjöld, þ. e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannverkjum. Enn fremur skal þar kveðið á um gjöld fyrir eftirlit, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

29. gr. Gjöld samkvæmt 28. gr. skulu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert og renna í sveitarsjóð.

30. gr. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um innheimtu byggingarleyfisgjalda. Verði vanskil á greiðslu byggingarleyfisgjalda, getur byggingarfulltrúi neitað að gefa vottorð um viðkomandi mannvirki. Gjaldfallin byggingarleyfisgjöld má innheimta með lögtaki.

VIII. kafli. Viðurlög.

31. gr. Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, ef byggt er á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað, varðar það sektum. Enn fremur getur byggingarfulltrúi fyrirskipað stöðvun slíkrar framkvæmdar tafarlaust og fyrirskipað brottnám byggingar eða byggingarhluta. Er lögreglunni skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við slíkar aðgerðir, ef þörf krefur. Byggingarfulltrúi skal, svo fljótt sem við verður komið, gera byggingarnefnd grein fyrir slíku máli.

o Hlíti byggingaraðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa og lögreglu um stöðvun eða brottnám framkvæmda, skal fara með málið að hætti opinberra mála.

o Sveitarsjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði, sem hann hefur haft af ólöglegri byggingarframkvæmd, og á sveitarsjóður lögveð fyrir endurgreiðslukröfu sinni í öllu efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingarframkvæmd.

32. gr. Ef hönnuður skv. 12. gr. leggur fyrir byggingarnefnd uppdrátt, þar sem brotið er í bága við ákvæði laga, reglugerða eða samþykktu um byggingarmálefni, eða brýtur slíkt ákvæði á annan hátt, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Hafi byggingarnefnd veitt hönnuði áminningu, skal hún tilkynna [umhverfisaráðherra] 1) það. Sama gildir, ef um ítrekað brot er að ræða og ef nefndin telur hönnuð óhæfan til að gera uppdrætti.

o Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu skv. 12. gr. um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur slíkar ákvarðanir skal hann leita umsagnar viðkomandi aðila, sem mælt er fyrir um í 12. gr.

1) L. 47/1990, 15. gr.

33. gr. Ef sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykktu um byggingarmálefni, getur byggingarnefnd veitt honum áminningu.

o Ef brot er ítrekað eða alvarlegt getur byggingarnefnd svipt hann viðurkenningu skv. 16. gr.

o Með brot á ákvæðum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr. Ef hönnuður skv. 12. gr., iðnmeistari eða byggingarstjóri gerist alvarlega brotlegur í starfi, má dæma hann til greiðslu sekta.

35. gr. Brot á lögum þessum, reglugerðum og samþykktum settum samkvæmt þeim varða sektum, sem renna í sveitarsjóð. Í refsímáli skal gefa sveitarstjórn kost á að koma með endurgjaldskröfu vegna kostnaðar, sem sveitarsjóður hefur haft vegna brotsins.

36. gr. Ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur, getur hún ákveðið dagsektir, þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Skjóta má slíkum málum til dómstóla.

o Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess, sem vanrækt hefur að vinna verkið.

o Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

IX. kafli. Gildistökuákvæði o. fl.

37. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979, sbr. þó 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. skulu að fullu komin til framkvæmda í árslok 1985, en jafnframt falla þá úr gildi

ákvæði 5. gr. laga nr. 108/1945 (sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948) um byggingarfulltrúa í sveitum.

o Við gildistöku laga þessara 1. janúar 1979 falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.

Lög nr. 84 16. desember 1943 um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir.

Lög nr. 108 31. desember 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undantekinni 5. gr., sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948.

Lög nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á lögum nr. 108 frá 1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, að undanteknum a-lið 3. gr.

Lög nr. 61 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verslunarstaðnum Akureyri.

Lög nr. 55 10. nóvember 1905 um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857.

Opið bréf 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.

Lög nr. 23 20. október 1905 um breyting á opnu bréfi 26. janúar 1866.

Lög nr. 14 6. nóvember 1897 um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

o Enn fremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

X Ákvæði til bráðabirgða. Almenn byggingarreglugerð skv. 4. gr. skal sett innan 3ja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Lög nr. 20 21. apríl 1972. Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó.

1. gr. Íslenskum skipum er bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

o Bann þetta nær yfir:

1. Öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja.

2. Geislavirk efni.

3. Sprengiefni.

2. gr. [Umhverfissráðherra] 1) gefur út reglugerð, þar sem öll hin bönnuðu efni eru tæmandi talin, og frekari fyrirmæli um framkvæmd bannsins, eftir því sem þurfa þykir. o Einnig má ákveða í reglugerð bann eða fyrirmæli um losun efna, sem ekki eru eitruð eða hættuleg, en geta orsakað alvarlega hindrun við fiskveiðar eða siglingar, ef sökk er á ákveðnum stöðum.

1) L. 47/1990, 11. gr.

3. gr. Íslenskum ríkisborgurum eða fyrirtækjum er einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna.

4. gr. Ákvæði 1. - 3. gr. eiga einnig við um losun þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningstækjum en skipum.

5. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykktar birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

Lög nr. 14 4. apríl 1979. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta-tjón af völdum olíumengunar. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með lögum þessum. 1)

1) Um texta fylgiskjals, sjá Stjóð. A 1979, bls. 32 - 93.

2. gr. Þegar samningarnir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr. Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningum þessum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

4. gr. [Ráðherra umhverfismála] 1) fer með mál er varða samninga þessa. Siglingamálastjóri skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samninganna.

1) L. 47/1990, 10. gr.

5. gr. Brot á ákvæðum samninga þessara varða sektum.

Lög nr. 20 30. apríl 1986. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins.

1. gr. Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra. [Umhverfissráðherra fer þó með yfirstjórn mála er falla undir 7. tölul. 2. gr. laga þessara.] 1)

1) L. 47/1990, 12. gr.

2. gr. Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa skv. lögum um eftirlit með skipum 1) og reglugerðum settum skv. þeim.

3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykktá um öryggi mannlífa á hafinu sem Ísland er aðili að. 2)

4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjásamþykktá sem Ísland er aðili að. 3)

5. Að ákveða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum er ráðherra setur.

6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.

7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða skv. þeim í samræmi við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að. 4)

8. Að annast framkvæmd laga og regna um mælingu skipa, svo og mál er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa. 5)

9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa 6) og skýrslugerð um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.

10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál sem eru í verkahring stofnunarinnar. 7)

11. Að annast framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf. 8)

12. Að annast mál er varða siglingalög 9) og sjómannalög 10) að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.

1) Sjá l. 51/1987 og rg. sem þar er vísað til.

2) Augl. C 7/1983.

3) Samn. 5. 4. 1966, sbr. augl. C 19/1970.

4) Sjá l. d. l. 20/1972 (bann við losun hættulegra efna í sjó), l. 14/1979 (varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu) og l. 32/1986 (um varnir gegn mengun sjávar).

5) Sjá l. 50/1970.

6) l. 115/1985.

7) Samn. 28. 1. 1926, sbr. augl. A 59/1926 (haffæri). Samn. 6. 3. 1948, sbr. augl. A 6/1961, augl. C 20/1969, augl. C 10/1976, augl. C 3/1979, augl. C 15/1980, augl. C 9/1982 og augl. C 2/1988 (Alþjóðasiglingamálastofnunin). Samn. 9. 4. 1965, sbr. augl. C 2/1967 og augl. C 20/1972 (flutningar á sjó). Sjá einnig l. 32/1986, 24. gr., um ýmsa alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar.

8) Sjá l. 12/1976.

9) Sjá l. 34/1985.

10) Sjá l. 35/1985.

3. gr. Samgönguráðherra getur með reglugerð 1) kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

1) Rg. 4/1987. Rg. 184/1987.

4. gr. Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

o Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

o Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.
o Heim

ilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

5. gr. Samgönguráðherra skipar siglingamálaráð.

o Verkefni siglingamálaráðs skal vera:

1. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, svo og öðrum þeim málum sem ráðsmenn eða siglingamálastjóri telja rétt að ráðið fjalli um.

2. Að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum varðandi verkefni Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingu.

6. gr. Samgönguráðherra skipar sjö fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

o [Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.] 1)

o Ef aðalmaður er fjarverandi situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu þótt aðalmaður sé á fundi og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

o Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

1) L. 61/1988, 1. gr.

7. gr. Siglingamálaráð skal kvatt saman svo oft sem þurfa þykir að mati formanns eða meiri hluta nefndarmanna eða ef siglingamálastjóri óskar eftir en þó aldrei sjaldnar en sex sinnum á ári.

8. gr. Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík en auk þess skal stofnunin hafa umdæmisskrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum.

o Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

9. gr. Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem stadd er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það sem þeim ber skv. stöðu sinni.

o Siglingamálastofnunin getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands til skyndiskoðana á skipum í höfnum og á hafi úti skv. nánara samkomulagi þessara aðila.

o Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er og starfið varða.

o Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

10. gr. Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

11. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma siglingamálastjóra skal skipun núverandi siglingamálastjóra halda gildi sínu.

Lög nr. 32 5. maí 1986. Lög um varnir gegn mengun sjávar.

I. kafli. Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr. Tilgangur laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1, og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

2. gr. Lög þessi ná yfir alla starfsemi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó og starfsemi í landi sem hefur eða getur haft í för með sér mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands og stranda landsins, sbr. 1. gr. Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannlíf eða tryggja öryggi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó eða landi, svo og mengun sökum óviðráðanlegra atvika, veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.

3. gr. Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. Það er "mengun" þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

2. "Losun" merkir að vísitandi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem falla frá við eðlilega starfrækslu.

3. "Úrkast" merkir allt það sem ekki er losun, þ. e. að efnum eða hlutum er vísitandi fleygt í sjóinn frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, þar með talið að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó.

4. Eftirfarandi telst hvorki "losun" né "úrkast":

a. að koma fyrir efnum eða hlutum í sjó í öðrum tilgangi en að farga þeim,

b. að úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknnum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berist í sjóinn en um slíkar rannsóknir og nýtingu skal ráðherra setja sérstakar reglur ef ástæða þykir til.

5. "Sérhafsvæði" merkir hafsvæði sem tiltekna reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.

6. "Hafnarsvæði" merkir það umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnarreglugerð.

7. "Mengunarlögsaga Íslands" er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.

8. "Mengunartjón" merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún stafar. Mengunartjón tekur til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

9. "Bráðamengun" merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.

II. kafli. Losun í sjó.

A. Olía.

4. gr. "Olía" merkir í lögum þessum vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, svartolía, smurólía, olíuúrgangur og unnin olía.

o Losun olíu í sjó, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979, nema um sé að

ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1 000 000 hlutum blöndunnar.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um losun olíu og olíublandaðs vatns í sjó frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar, þar með talið á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í olíustöðvum, á smurstöðvum og í verksmiðjum þar sem olía er notuð í miklum mæli og hætta er á bráðamengun af þeim sökum.

1) L. 47/1990, 9. gr.

B. Lýsi.

5. gr. "Lýsi" merkir í lögum þessum allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum.

o Losun lýsis eða grútar í sjó er óheimil á innsævi.

o Við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu feitfisks í landi, skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í sjó vegna losunar á lýsi eða grút.

o Óheimilt er að setja til sjávar óhreinsað vinnsluvatn nema með leyfi Siglingamálastofnunar ríkisins.

C. Önnur fljótandi efni.

6. gr. "Fljótandi efni" merkir í lögum þessum vökva sem hafa lægri gufubrýsting en 2,8 kg/sm² við 37,8° C.

o Losun fljótandi efna frá skipum að öðru leyti en kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er þó heimil.

o Utan þess hafsvæðis, sem tiltekið er í 2. mgr. 6. gr., skal losun fljótandi efna einungis heimil samkvæmt þeim reglum sem settar verða skv. 4. mgr. 6. gr.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í sjó utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum.

1) L. 47/1990, 9. gr.

D. Sorp.

7. gr. "Sorp" merkir í lögum þessum alls konar matarleifar, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til falla við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.

o Óheimilt er að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar.

o Óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastfát, kaðlar og net.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

1) L. 47/1990, 9. gr.

E. Skolp.

8. gr. "Skolp" merkir í lögum þessum frárennsli eða annan fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þar með talið annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.

o [Umhverfissráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó.

1) L. 47/1990, 9. gr.

F. Losun annarra efna í sjó.

9. gr. Í samræmi við alþjóðasamning frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er [umhverfissráðherra] 1) heimilt, ef þörf krefur, að setja reglur er takmarka losun þeirra efna í sjó frá landi, sem upp eru talin í fylgiskjali 1 með þessum lögum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó.

1) L. 47/1990, 9. gr.

III. kafli. Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang.

A. Olíuúrgangur frá skipum og starfsemi í landi.

10. gr. Einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi [umhverfissráðherra] 1), og tryggja viðunandi eyðingu.

o Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipunum þegar þau koma í stöðvarnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og þeim þörfum, sem eru fyrir slíka móttökuaðstöðu í viðkomandi stöð, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

o Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins jafnan hafa aðgang að þessu bókhaldi.

o [Umhverfissráðherra] 1) er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

o [Umhverfissráðherra] 1) skal setja nánari reglur um móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum í þeim tilgangi að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum tölum vegna losunar olíuúrgangs í land.

1) L. 47/1990, 9. gr.

B. Sorp frá skipum.

11. gr. Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

C. Annar úrgangur frá skipum.

12. gr. [Umhverfissráðherra] 1) er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en þann sem fjallað er um í 10. og 11. gr. Í reglugerðinni komi fram hver sé ábyrgur fyrir móttöku þessa úrgangs og eyðingu hans.

1) L. 47/1990, 9. gr.

IV. kafli. Úrkast efna í hafið.

13. gr. Allt úrkast efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

o Við veitingu leyfis til að kasta efnum eða hlutum í hafið skal taka mið af eðli þeirra og magni og aðstæðum á losunarstað.

o Ef um er að ræða úrgang eða efni, önnur en dýpkunarefni, sem hafa svo nokkru nemi efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 1 skal eigi veita heimild til að kasta þeim í hafið nema í neyð enda sé heilsu manna annars stofnað í hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi.

o Heimilt er án leyfis að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli (meira en 0,1%) efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2.

o Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

V. kafli. Önnur mengun sjávar.

14. gr. Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins.

o Við veitingu leyfa skv. fyrri mgr. þessarar gr. skal farið eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um brennslu úrgangsefna á hafi úti og tekið tillit til þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

VI. kafli. Ábyrgð.

15. gr. Hver sá, sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands, ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

16. gr. Ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, skal sá, sem bæri ábyrgð á menguninni, gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum.

VII. kafli. Viðbúnaður vegna mengunaróhappa.

17. gr. Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrisjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Siglingamálastofnun ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins, utan hafnarsvæða.

18. gr. Sveitarstjórnir skulu skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins sem leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga.

19. gr. [Umhverfissráðherra] 1) getur krafist þess að fyrirtæki með starfsemi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

1) L. 47/1990, 9. gr.

VIII. kafli. Tilkynningarskylda.

20. gr. Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum viðkomandi yfirvöldum um alla losun eða úrkast, sem lög þessi ná til, í hafið í mengunarlögsögu Íslands.

IX. kafli. Íhlutun.

21. gr. Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

22. gr. [Umhverfissráðherra] 1) er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

1) L. 47/1990, 9. gr.

X. kafli. Framkvæmd og eftirlit.

23. gr. Í þeim tilgangi að treysta framkvæmd laganna er [umhverfisráðherra] 1) heimilt að setja í reglugerð 2) nánari ákvæði um búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á sjó og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun sjávar af völdum olíu, sbr. þó 9. gr., og enn fremur með hvaða hætti reglubundið eftirlit með þessum búnaði skuli fara fram.

o Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olfúmengunar frá landstöðvum og samkvæmt heimild í 9. gr. skal haft samráð við heilbrigðismálaráðherra eða menntamálaráðherra eftir því sem við á.

o [Umhverfisráðherra] 1) skal, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum.

o [Umhverfisráðherra] 1) er heimilt, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra, að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

1) L. 47/1990, 9. gr.

2) Sjá rg. 8/1971 (varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu), rg. 560/1982 (varnir gegn olfúmengun sjávar við olfubirgðastöðvar) og rg. 520/1984 (varnir gegn mengun sjávar frá skipum).

24. gr. Eftirlit og framkvæmd laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, með aðstoð þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. másl. 21. gr. Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði greiðist úr ríkissjóði en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

o [Umhverfisráðherra] 1) annast framkvæmd eftirtalinna alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969. 2)

2. Alþjóðasamningur frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn). 3)

3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn). 4)

4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn). 5)

5. Alþjóðasamningur frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL). 6)

o Um aðra mengun sjávar en þá, sem kveðið er á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, 7) og lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

1) L. 47/1990, 9. gr.

2) Um samþykktina vísast til Stjtið. A 1966, bls. 267-303, sbr. augl. C 6/1966, C 17/1970 og C 23/1977.

3) Um samninginn vísast til Stjtið. A 1973, bls. 36-46, sbr. augl. C 16/1973, C 5/1974 og C 10/1987.

4) Um samninginn vísast til Stjtið. A 1973, bls. 123-139, sbr. augl. C 17/1973 og C 1/1976.

5) Um samninginn vísast til Stjtið. A 1981, bls. 188-201, sbr. augl. C 13/1981 og C 16/1987.

6) Um samninginn vísast til augl. C 9/1985.

7) Nú l. 81/1988.

25. gr. Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum yfir athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða

rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

XI. kafli. Mælingar á mengunarefnum í sjó.

26. gr. Í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins skal [umhverfísráðherra] 1) láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni.

o Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rannsóknum þessum.

1) L. 47/1990, 9. gr.

XII. kafli. Viðurlög og málsmeðferð.

27. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

28. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

29. gr. Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála. o Heimilt er þó að hafnarstjóri geri sekt fyrir losun eða úrkast frá skipi á hafnarvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. séu greiddar eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Heimild þessi er takmörkuð við sektir allt að 40 000 króna enda játist sökunautar undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað.

o Heimilt er einnig að lögreglustjóri geri sekt fyrir slík brot að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar gr. en þó má sekt nema allt að 100 000 krónum.

o Hafnarstjóri skal ávallt tilkynna lögreglustjóra slík brot og þá hvort hann hyggst ljúka málinu eða vísa því til lögreglustjóra til afgreiðslu.

o Hafnarstjórar og lögreglustjórar skulu tilkynna ríkissaksóknara og [umhverfísráðherra] 1) um allar slíkar sektargerðir. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir greiðslu sektar eða látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er skv. 2. eða 3. mgr. þessarar gr., hefði átt að ganga til dóms og getur ríkissaksóknari þá borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðunar hafnarstjóra eða lögreglustjóra.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða samkvæmt þessari grein.

1) L. 47/1990, 9. gr.

30. gr. Ef brotið er gegn ákvæðum II. og IV. kafla laga þessara og brotið tengist skipi, en málinu er ekki lokið með greiðslu sektar skv. 29. gr., skal lagt löghald á skipið og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr.

o Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

o Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar skv. 15. gr. skal vera lögveð í skipinu.

31. gr. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

32. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er [umhverfisráðherra] 1) setur.

1) L. 47/1990, 9. gr.

33. gr. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrir mælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum skv. þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt. o Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.

XIII. kafli. Gildistaka.

34. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 77/1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olfu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins; lög nr. 20/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum; lög nr. 53/1973, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það; lög nr. 67/1981, um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum; og lög nr. 14/1984, um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Fylgiskjal 1.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þar með talinn geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og zink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Fylgiskjal 2.

1. Lífræn halógen-efnasambönd.
 - 1.1 DDT og efni gerð þar af, svo sem DDE og DDD.
 - 1.2 Önnur þrávirk, eitruð, lífræn halógen-efnasambönd.
2. Kvikasilfur, kadmín og sambönd þessara efna.
3. Sýra, lútur eða yfirborðsvirk efni í miklu magni.
4. Olía og olíuúrgangur.
5. Önnur efni sem haft geta varanleg áhrif á bragð, lykt, lit, skyggni eða aðra eiginleika hafsins og sem alvarlega geta spillt þokka umhverfisins.
6. Hlutir og efni sem geta flotið, marað eða sokkið og sem geta valdið alvarlegri röskun á lögmætri nýtingu hafsins.

Lög nr. 52 29. maí 1989. Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

1. gr. Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.

o Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

2. gr. Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna.

o Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

3. gr. Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

o Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

o Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

o Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

4. gr. Í reglugerð, sem [umhverfísráðherra] 1) setur, skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m. a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

o [Umhverfísráðherra] 1) er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

1) 47/1990 13.gr.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

o Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

20. júní 1849. Tilskipun um veiði á Íslandi.

1. gr. Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði ... , 1) nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðifök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu.

o Nú eiga fleiri jörð saman, og er henni skipt í parta milli þeirra eftir merkjum, þá er svo um veiði á hverjum parti sem heil jörð væri. En ef ekki er skipt jörðu eftir merkjum, þá er öllum eigendum veiði jafnheimil á þeirri jörðu, nema þeir hafi gert annan samning sín í milli, og skal hann þó eigi lengur standa en þeir eiga jörð saman.

1) L. 63/1954, 39. gr.

2. gr. Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.

3. gr. 1) Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hvernar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 2) faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Nú liggja eyjar eða hólmar undir jörð, þá skal mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólum. Ef jarðir þær eða eyjar eða hólmar, sem ekki er einn eigandi að, liggja tveim megin við firði og víkur eða sund, og er ekki hundrað faðma tólfrætt í milli, þá á hver jarðeigandi veiði út á miðjan fjörðinn eða víkina eða sundið. Þar sem varplönd eru eða látur eða lagnir, fer um það sem síðar segir.

1) Sbr. l. 76/1970, II. kafli.

2) Sbr. l. 39/1914, 2. gr. og l. 15/1923, 4. gr.

4. gr. Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru byggðar, sem notkunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á að ákveða allt nákvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eftir því sem þeim semur um. 1)

o Ef fleiri eru ábúendur á einni jörð, skal svo fara um veiði, meðan ábúð þeirra stendur, sem fyrir er mælt í 1. gr., þá er fleiri eiga jörð saman.

1) Sbr. l. 64/1976, 24. gr.

5. gr. Nú drepur maður dýr ... , 1) eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bættan, eftir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gerði, og sektast hann þar á ofan um hálfan ríkisbankadal eða meir, allt að 10 ríkisbankadölum, eftir því sem á stendur, og skal það þá mestu ráða, ef hann hefir brotið oft en í það skipti.

1) L. 63/1954, 39. gr.

6. gr. Ef maður er á lóð sinni og skýtur þaðan dýr ... , 1) sem í annars manns veiðilandi eru, eða drepur með öðrum hætti, þá er sem hann hefði veitt í annars manns landi. Sama liggur við, ef sá maður, sem veiði á, særir dýr ... 1) á sínu landi og eltir í annars manns land, eða fer þangað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr ... , 1) er þar gefast upp.

1) L. 63/1954, 39. gr.

7. gr. Birni má hver maður elta og veiða hvar sem hann finnur, og á sá björn, er fyrst kemur banasári á hann. En sá, er þar á veiði, og þeir menn, er að veiði bjarnarins voru, skulu ekki hafa nema endurgjald fyrir aðstoð sína.

o Hreina 1) má og veiða og elta, hvar sem er.

1) Sjá þó l. 28/1940.

8. gr.1) Um refaveiði er það leyft, að vinna gren í annars manns landi og drepa bæði refi þá, er þar eru, og yrðlinga þeirra, með hverjum hætti, sem unnt er. Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gera þar refagildirur eða skothús til að skjóta þaðan refi, skal hann segja til ábúanda, og er hann skyldur til að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða sjálfur refum í landi sínu með slíkum hætti. En ef hann synjar leyfis og vinnur þó ekkert að, til að eyða refunum, og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur um 2 rbd., og skyldur til að þola, að hinn geri veiðivélar þær, er nú var getið.

1) Sjá l. 52/1957.

9. gr. ... 1)

1) L. 74/1941.

10. gr. Á slíkan hátt skal friðhelga eggver annarra fugla, 1) ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þau einkar arðmikil.

1) L. 33/1966, 9. gr.

11. - 14. gr. ... 1)

1) L. 74/1941.

15. gr.1) Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Vilji maður taka upp nýja staði til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfu mílu frá látrum eða lögnum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. [Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50 - 150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að 1/3 í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að 2/3 til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skipt eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.] 2)

1) Sbr. l. 30/1925 og l. 76/1970, IX. kafli.

2) L. 25/1925.

16. gr.1) Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrir mælum 12. gr. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur, nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gerir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot.

1) Sbr. l. 30/1925 og l. 76/1970, IX. kafli.

17. gr. Það skal vera skylda þeirra manna, sem leiðbeina útlendum skipum inn á hafnir, að segja skipstjórnarmönnum hvar friðheilög eggver eða selveiði þar er í grennd við kaupúnin, og hvert bann við er lagt, ef skotið er of nærri þeim úr fallbyssum eða öðrum byssum. Nú er skotið af skipi, og ber ekki nauðsyn til, þá

verður skipstjórnarmaður sekur um það; en eiga skal hann heimting til endurgjalds að leiðsögumanni, ef hann var á skipi þá er skotið var, og hinn getur sannað, að leiðsögumaður hefir ekki sagt honum til sem vera ber.

18. gr. Nú hefir maður orðið sekur um ólöglega veiði, annaðhvort með dómsatkvæði eða amtmannsúrskurði 1) og brýtur hann oftár en í það skipti, þá skal hann í hvert skipti hafa fyrirgert netum og öðrum veiðitólum, er hann hefir viðhaft, og eignast sveitarsjóðurinn þau, hver sem sök sækir, yfirvald konungs eður sá, sem skaða beið. Allar sektir, sem goldnar eru eftir tilskipun þessari, eignast sveitarsjóðirnir.

1) Sbr. nú l. 74/1974.

19. gr. Ef brotið er móti 11. - 15. gr. 1) í tilskipun þessari, skal fara með sakir þær sem opinber lögreglumál; því skal valdsmaður konungs rannsaka málið og dæma hinn seka, hvort sem sá, er skaða beið, eða aðrir út í frá, segja honum til afbrotsins, eða hann fær vitneskju um það á annan hátt, nema sá hinn seki kjósi heldur að málið sé útkljáð á þann hátt, sem mælt er í 10. gr. tilskipunarinnar 24. jan. 1838. 2) Þó skal sá, er skaða beið, eiga kost á að höfða sök og sækja á sinn kostnað, ef honum svo sýnist, t. a. m. ef valdsmanni skyldi þykja skýrslur þær, sem fram eru komnar, ónógar til opinberrar málssóknar.

o Öll mál önnur, er höfðuð eru um afbrigði þessarar tilskipunar, skal til dóms sækja á sama hátt og lögreglumál, þau er ekki eru opinber.

1) Sbr. nú l. 74/1974.

2) Sbr. nú augl. A 96/1969; l. 74/1974, 112. gr.

20. gr. Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gert er um stórglæpasökina.

21. gr. Með þessari tilskipun er allt það aftekið sem lög hafa verið hingað til um fuglaveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.

Lög nr. 28 12. febrúar 1940. Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

1. gr. [Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hættu af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.]1)

1) L. 72/1954, 1.gr.

2. gr. Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr. [Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi.

o Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála].1)

1) L.75/1982, 8.gr.A

4. gr....1)

1) L. 75/1982, 8.gr.B

Lög nr. 52 5. júní 1957. Lög um eyðingu refa og minka.

1. gr. [Umhverfísráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða eyðingu refa og minka. Skipar umhverfísráðherra veiðistjóra er hafa skal sérmenntun á sviði náttúrufræði sem nýtist honum í starfi. Kostnaður við embætti veiðistjóra greiðist úr ríkissjóði.

o Heimilt er ráðherra að fela veiðistjóra önnur störf er miða að stjórn á stærð villtra dýrastofna.] 1)

1) L. 47/1990, 7. gr.

2. gr. Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

o Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

3. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

o Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr. Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr. Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

o Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan, til þess að vera með skotmanni á greni.

o Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

o Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr. Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr. Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara

sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr. [Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um að vinna greni. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

o Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna minka og minkabæli, sbr. 5. gr.] 1)

1) L. 47/1980, 1. gr.

9. gr. [Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr (fullorðin dýr og yrðlinga), hlaupadýr og mink skal ákveðið ár hvert af [umhverfisráðherra] 1), eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fenginni umsögn veiðistjóra. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin.] 2)

1) L. 47/1990, 7. gr.

2) L. 47/1980, 2. gr.

10. gr. Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við. Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

11. gr. Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkvæmt fyrirmælum [umhverfisráðuneytis] 1) og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlað. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitru samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

1) L. 47/1990, 7. gr.

12. gr. Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

13. gr. [Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslumann til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslumaður reikninga rétta og hóflega og endurgreiðir þá ríkissjóður sveitarfélögum 3/4 hluta útlagðs kostnaðar við framkvæmd laga þessara.] 1) 2)

1) L. 108/1988, 24. gr.

2) L. 47/1990, 7. gr.

14. gr. [Umhverfisráðuneytið] 1) setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildrur, skotvopn og notkun þeirra. 2) Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

o Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

o Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

1) L. 47/1990, 7. gr.

2) Rg. 177/1958.

15. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum ... , 1) nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

o Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá [umhverfISRÁÐUNEYTIÐ] 2) heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

1) L. 75/1982, 46. gr.

2) L. 47/1990, 7. gr.

Lög nr. 33 26. apríl 1966. Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.

I. kafli. Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr. Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögnum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr. 1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

o 2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjast og ráðherra samþykki.

o 3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr. 1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

o 2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr. 1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

o 2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

o 3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

o 4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn, og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

o 5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr. 1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

o 2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

o 3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 58/1954. 1)

1) Sjá nú l. 41/1979.

6. gr. Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

7. gr. 1. [Umhverfissráðuneytið] 1) hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

o 2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd.

[Umhverfissráðuneytið] 1) skipar nefndina til fjögurra ára í senn, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenska

náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk deildarstjóra dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

o 3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

o 4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum. 2)

o 5. Meðlimir fuglafriðunarnefndar fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður, og útlagðan kostnað fær nefndin greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

1) L. 47/1990, 5. gr.

2) Augl. A 14/1956 (um aðild Íslands að alþjóðasamn. um fuglaverndun).

II. kafli. Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr. 1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsg. , vera friðaðar allt árið.

o 2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.

b. Frá 20. ágúst til 15. marz: dílaskarfur, toppskarfur, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi.

c. Frá 1. september til 31. marz: lómur, fýll, súla, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, skúmur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita.

d. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.

e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

o 3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsg. , tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr. 1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 1/4 km frá stórstraumsfjörumáli.

o 2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypís, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

o 3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypís á næsta manntalsþingi.

10. gr. 1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru í 2. málsg. 8. gr., en þeir eru súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmáfur, rita, álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

o 2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talið æðarvarp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir

minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó ekki til skeiðandar, skutulandar og straumandar. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

o 3. Í kríu- og hettumásvörpum skal heimilt að taka egg þessara fugla, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp.

11. gr. 1. Nú valda fuglar verulegu tjóni í ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

o 2. Þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri, getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laga þessara, að því er veiði grágæsa varðar. Þá skal og taka grágæsareggja heimil, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., án þess að sækja þurfi um leyfi til eggjatökunnar.

o 3. Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru samkvæmt undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. og 2. málsgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa.

12. gr. 1. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. og 9. gr. til að safna fuglum, eggjum og hreiðrum til vísindalegra þarfa eða í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda.

o 2. Ef nauðsyn krefur og sérstaklega stendur á, getur deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt einstaklingum heimild til að safna friðuðum fuglum handa safninu, svo og eggjum þeirra, innan takmarka þess leyfis, er hann hefur hlotið samkvæmt heimild 1. málsgreinar.

13. gr. 1. Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.

o 2. Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

14. gr. Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. kafli. Um fuglaveiðasamþykktir.

15. gr. [Sveitarstjórn] 1) veitist heimild til, hverri í sínu [sveitarfélagi], 1) að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

1) L. 108/1988, 57. gr.

16. gr. 1. Þá er [sveitarstjórn] 1) hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 15. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

o 2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er [sveitarstjórn] 1) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með 2/3 greiddra atkvæða, sendir [oddviti eða bæjarstjóri] 1) það ráðuneytinu til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef [sveitarstjórn] 1) fellst á þær. En ef [sveitarstjórn] 1) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundur þá á frumvarpið óbreytt að efni með 2/3 greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

o 3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

o 4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

1) L. 108/1988, 58. gr.

17. gr. 1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

o 2. [Brot gegn löggiltri samþykkt varða sektum. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.] 1)

1) L. 75/1982, 47. gr. A.

18. gr. ... 1)

1) L. 108/1988, 59. gr.

19. gr. Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðuneytinu að nýju. 1)

1) Eldri fuglaveiðasamþykktir: 88/1955 (Grímsey), 89/1955 (Vestmannaeyjar), 83/1962 (Drangey).

IV. kafli. Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr. Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með frhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabýssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

21. gr. 1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

o 2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílar á klukkustund.

22. gr. 1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

o 2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

o 3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til lunda- og bjargfuglaveiða.

23. gr. 1. Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildirur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

o 2. Nú hefur maður komið sér upp veiðitækjum samkvæmt fuglaveiðasamþykkt, sbr. síðasta málslíð 21. gr. laga nr. 63/1954, 1) sem óheimilt verður að nota eftir þessum lögum, og skal þá ríkissjóði skylt að greiða honum bætur, ef hann krefst, fyrir veiðitækin samkvæmt mati.

1) Eldri lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.

24. gr. Þar sem grágæsir valda tilfínanlegu tjóni á nytjagróðri, getur ráðuneytið, samkvæmt tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt þeim handhöfum fuglaveiðiréttar, sem hafa fengið leyfi samkvæmt heimild 11. gr. til að veiða grágæsir á friðunartíma þeirra, tímabundið leyfi til að veiða grágæsir með því að reka þær í netgirðingar, þegar þær eru í sárum. Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. gr., að nota vélknúna báta, ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

25. gr. Eigi má nota eiturottíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafn og kjóa. 1)

1) Rg. um eyðingu svartbaks og hrafn með trífórmetanóli og fenemali nr. 100/1973, sbr. rg. 73/1974 og 219/1989.

26. gr. Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

27. gr. 1. Forðast skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkvæmt lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotizt af á eggjum þeirra eða ungunum.

2. Um mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdölum við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð. 1)

1) Rg. 97/1968.

28. gr. 1. Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi, og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildir til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.

o 2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. kafli. Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

29. gr. Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

30. gr. Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrir en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

31. gr. Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

32. gr. 1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytis komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.

o 2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

33. gr. Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

34. gr. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

35. gr. 1. Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. o 2. Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snægulum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

36. gr. Nú notar ráðuneytið heimild 30. og 33. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. kafli. Refsiákvæði og réttarfar.

37. gr. 1. [Hver sá, sem sekur gerist um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snægla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðasttalda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Sama gildir um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, sem sekur hefur reynst um brot á lögnum.] 1)

o 2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

o 3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

1) L. 75/1982, 47. gr. B.

38. gr. [Ólögleg eggjataka varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snægla, fálka og haftyrdils, svo og æðaregg. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.] 1)

1) L. 75/1982, 47. gr. C.

39. gr. [Brot á ákvæðum 29. - 35. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggjaskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.] 1)

1) L. 75/1982, 47. gr. D.

40. gr. [Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. gr. og 37. - 39. gr., varða sektum, varðhaldi eða fangelsi.] 1)

1) L. 75/1982, 47. gr. E.

41. gr. ... 1)

1) L. 75/1982, 47. gr. F.

42. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Lög nr. 50 18. maí 1965. Lög um eyðingu svartbaks.

1. gr. Veiðistjóri hefur, undir yfirstjórn [umhverfisráðuneytis] 1) , stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks.
2. gr. Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum við eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks.
1) L. 47/1990, 6. gr.
3. gr. Ráða skal sérstaka menn til eyðingar svartbaks, til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Skulu menn þessir starfa undir stjórn veiðistjóra, og sér hann um ráðningu þeirra.
4. gr. Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið.
5. gr. Heimilt er veiðistjóra að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvörp, ef nauðsyn þykir.
6. gr. Hinir ráðnu veiðimenn skulu fara eftir þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið. Skal veiðistjóri fylgjast með, að þau séu haldin.
o Veiðimönnum er skylt að halda skýrslur um störf sín og séu þær lánar fylgja reikningum.
7. gr. Laun, bílakostnaður svo og nauðsynlegur áhaldakostnaður manna, sem ráðnir eru við svartbakseyðingu, skulu greidd úr ríkissjóði, sem ver til eins árs í senn vissri fjárupphæð til eyðingar svartbaks. Fjárupphæð þessi greiðist til [umhverfisráðuneytis] 1) , er sér um greiðslu til veiðimanna samkvæmt reikningum staðfestum af veiðistjóra.
1) L. 47/1990, 6. gr.
8. gr. Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.
9. gr. Jarðarábúendum og öðrum er óheimilt að varna því, að svartbaksveiðar fari fram, eða hindra starfsemi við eyðingu hans á nokkurn hátt, séu veiðarnar framkvæmdar af til þess ráðnum mönnum samkvæmt lögum þessum, nema á vissum árstímum í námunda við æðarvörp, selalagnir eða á öðrum friðlýstum svæðum.
10. gr. Óheimilar eru öðrum en veiðimönnum ráðnum samkv. 3. gr. svartbaksveiðar án vitundar og leyfis viðkomandi landeiganda eða umráðamanns. Skulu veiðimenn ávallt gera viðkomandi landeigendum aðvart um ferðir sínar, ef þess er nokkur kostur, og gæta fyllstu varúðar við veiðarnar. Þeim er stranglega bannað að skjóta aðrar fuglategundir á friðlýstum tíma. Einnig er svartbaksskyttum bannað að skjóta aðrar fuglategundir án leyfis landeiganda eða umráðamanns. Skylt er veiðimönnum að fjarlægja eða grafa niður öll hræ af þeim fuglum, sem þeir vinna og ná til.
11. gr. Fyrir hvern unninn svartbak, ungan (grámáf) og fullorðinn fugl, á veiðimaður 20 krónur í verðlaun. Engin verðlaun skal greiða fyrir ófleyga svartbaksunga. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi.
o Veiðimenn skulu leggja fram hægri væng fuglsins til sönnunar því að hafa unnið hann. Skal sá, er gjald þetta greiðir, brenna vænginn strax og greiðsla hefur farið fram.
12. gr. Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar staðfestar með undirskrift þess, er verðlaunin greiðir, og fylgja árlegu reikningsyfirliti til [félagsmálaráðuneytisins]. 1)
1) L. 108/1988, 29. gr.

13. gr. Um hver áramót skulu oddvitar (bæjarstjórar) senda veiðistjóra skýrslu yfir tölu fugla, sem þeir hafa greitt verðlaun fyrir á árinu.

14. gr. [Þau sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld. Yfirlitin skulu síðan send félagsmálaráðuneytinu sem annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, 2/3.] 1)

1) L. 108/1988, 30. gr.

15. gr. ...

Viðauki

Lög nr. 3 6. marz 1955. Lög um skógrækt.

I. kafli. Um markmið og stjórn Skógræktar ríkisins.

1. gr. Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

1. að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
2. að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
3. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

2. gr. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan.

3. gr. Ráðherra skipar skógarverði, að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir eigi vera færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um.

4. gr. Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.

5. gr. Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur.

5. gr. a. Aðalstöðvar Skógræktar ríkisins skulu vera á Fljótsdalshéraði.] 1)

1) L. 58/1989, 1. gr.

II. kafli. Um meðferð skóga, kjarrs, lyngs o. fl.

6. gr. Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.

7. gr. Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippra eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hrístekju og að banna að skerða hvers konar gróður þar sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hvers konar ungvíði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða.

8. gr. Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landsvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í sýnilegri hættu sökum óhóflegrar beitar að dómi skógræktarstjóra, og er ráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnyttjum eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni.

9. gr. Í þeim skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða í óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli.

10. gr. Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess. Enn fremur er öllum, sem um skóglendi fara, óheimilt að skerða trjágróður eða skemma hann.

11. gr. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi ekki skorazt undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið.

12. gr. Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir óska þess, skulu hreppstjórar fylgja þeim á eftirlitsferðum um hreppinn til þess að kynna sér fyrirmæli um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar dagpeninga, sem greiðast af skógræktarfé.

13. gr. Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er. 1)

1) Rg. 239/1940.

III. kafli. Um friðun og ræktun skóga.

14. gr. Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

15. gr. Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnast ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

o Komist fé inn í skógargirðingu í afréttum eða fjarri búfjárhögum svo að nokkru nemi, er ráðherra heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað, enda hafi ekki þótt rétt að beita ákvæðum 17. greinar laganna.

16. gr. Til þess að girðing um skógræktarsvæði megi teljast löggirðing, þ. e. að hún veiti örugga vörn gegn ágangi búfjár, skal hún minnst vera 105 sentimetrar á hæð og gerð með 7 strengjum gaddavírs eða úr öðru því efni, sem sé ekki minni vörn, t. d. vírneti eða vírneti ásamt gaddavír og undirhleðslu, þar sem þörf krefur. Bil milli jarðfastra staura má lengst vera 12 metrar og komi þá þrjár stytur þar á milli, eða 10 metrar og komi þá tvær stytur á milli. Hornstaurar skulu standa minnst 1,25 metra í jörðu, nema unnt sé að festa þá í jarðfasta klöpp. Skulu þeir steypdir niður eða púkkaðir og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt og hornstaurar.

o Skógargirðingar, sem komið hefur verið upp fyrir gildistöku laganna, eru að minnsta kosti 1 metri að hæð með 6 strengjum gaddavírs eða jafngildar því, skulu skoðast sem löggirðingar, unz þær verða endurbyggðar.

17. gr. Komist sauðfé eða geitfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins taka féð í gæzlu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir séu eigendur fjárins og hvernig féð sé merkt. Hreppstjóri skal tilkynna þetta eigendum eða umsjónarmönnum fjárins og gefa þeim

kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé féð ekki hirt, ákveður hreppstjóri, hvar fénu skuli sleppt.

o Komist sömu skepnur aftur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður afhent hreppstjóra fénaðinn og krafizt þess, að hann verði tekinn í örugga vörzlu. Skal þá hreppstjóri láta athuga girðinguna þegar í stað, og fullnægi hún kröfum 16. greinar, eru fjáreigendur skyldir til að taka féð í vörzlu, sem hreppstjóri telur örugga. Sleppi fénaður úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur umsjónarmaður skógarins krafizt þess, að honum verði afhent féð til ráðstöfunar. Hann greiðir eiganda fjárins verð fyrir eftir mati úttektarmanna.

o Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo-að hætta er á, að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt fjáreigendum í nágrenni hennar, á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn, og ber þá fjáreigendum að hafa gætur á fé sínu og halda því frá þessum svæðum, unz girðingin telst fjárheld á ný. Á sama hátt ber fjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart, ef þeir verða þess varir, að skógargirðing sé ótrygg vörn.

o Ef um stutt höft á girðingu er að ræða, sem reynslan sýnir að þráfaldlega fara í kaf vegna aðfennis, getur fjáreigandi krafizt þess, að girðingareigandi láti gera höftin fjárheld, ef þess er kostur án óhæfilegs kostnaðar. Rísi ágreiningur um þetta, hafa úttektarmenn úrskurðarvald í þessum málum.

o Geti fjáreigandi fært sönnur á, að varzla fjárins hafi valdið honum aukakostnaði, getur hann krafizt þess, að skógareigandi taki þátt í honum allt að helmingi eftir mati dómkvaddra manna.

o Sé hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t.d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

18. gr. Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjáræktarreiti og garðlönd einstakra manna innan umdæmisins, enda séu þau girt löggirðingu samkvæmt 16. grein.

19. gr. Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rými eða eyðist af völdum þeirra á meðan ábúðartími þeirra stendur. Enn fremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- og kjarrlendi á jörðum þessum á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúanda af hinu friðaða landi eftir mati dómkvaddra manna.

[**20. gr.**] 1) Nú er skóglendi eða kjarr í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur eða notendur landsins vilja eða treystast eigi til þess samkvæmt þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 20. grein, 2) og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 20. grein, 2) enda taki ákvæði síðustu málsgreinar þeirrar greinar einnig til þess skóglendis.

o Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu, getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur, ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann, sem orðið hefur, og ber landeiganda að greiða matsverðið til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því, er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

o Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) Virðist nú eiga við IV. kafla þessara laga, sbr.l. 76/1984, 3. og 4. gr.

[21. gr.] 1) Með samþykki ráðherra er skógræktarstjóra heimilt að leigja einstaklingum, félögum eða stofnunum lönd á erfðafestu innan girðinga Skógræktar ríkisins, gegn því að leigutakar gróðursetji barrskóg í landið samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og samningi þeim, sem gera skal við sérhvern leigutaka um gróðursetningu, hirðingu og meðferð lands.

o Sá skógur, sem vex á landinu, verður eign leigutaka, en meðferð hans öll og grisjun skal háð fyrirmælum skógræktarstjóra.

o Vanefndir á samningi um gróðursetningu og meðferð skógar, sem ekki stafa af ástæðum, sem leigutaka eru óviðráðanlegar, varða missi á erfðafesturéttindum, og fellur þá skógur leigutaka til Skógræktar ríkisins án endurgjalds.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[22. gr.] 1) [Skógrækt ríkisins er heimilt að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu og ekki eiga kost á stuðningi skv. öðrum greinum laganna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni. Má slíkur styrkur nema allt að 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði á hvern lengdarmetra girðingar, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. að land innan girðingar sé minnst einn hektari;

2. að fyrir liggja yfirlýsing skógræktarstjóra um að landið sé vel fallið til skógræktar.]

2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 2. gr.

[23. gr.] 1) Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 13. grein laganna. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[IV. kafli. Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.] 1)

1) L. 76/1984, 3. gr.

[24. gr.] 1) [Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[25. gr.] 1) [Styrkur samkvæmt 24. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

o Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a. Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.

b. Að fyrir liggja samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

o Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[26. gr.] 1) [Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

o Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 25. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

o Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 25. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[27. gr.] 1) [Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 25. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

o Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

o Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 25. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi 4/5 af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[28. gr.] 1) [Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 25. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a. Að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið.

b. Að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 25. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 25. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 25. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að

landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja og viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 29. gr., en bætunar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætun frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[29. gr.] 1) [Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 25. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

o Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverðið er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

o Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 28. gr. og 1. mgr. 29. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[30. gr.] 1) [Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

o Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 25. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

o Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[31. gr.] 1) [Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.] 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) L. 76/1984, 3. gr.

[V. kafli.] 1) Um Skógræktarfélag Íslands.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[32. gr.] 1) Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarféлага í landinu.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[33. gr.] 1) Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarféлага, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[34. gr.] 1) Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[VI. kafli.] 1) Um skógarítök. 2)

1) L. 76/1984, 4. gr.

2) Augl. 44/1942.

[35. gr.] 1) ...

1) L. 76/1984, 4. gr.

[36. gr.] 1) Eftir staðfestingu þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri, án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[VII. kafli.] 1) Um sektir, málsmeðferð o. fl.

1) L. 76/1984, 4. gr.

[37. gr.] 1) Brot gegn lögum þessum varða sektum, ... 2) til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

1) L. 76/1984, 4.gr.

2) L. 10/1983, 39.gr.

Lög nr. 22 16. apríl 1966. Lög um viðauka við lög nr. 3 6. mars 1955, um skógrækt.

1. gr. Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og samkvæmt því, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr. Skógræktarstjóri hefur yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Hann aflar upplýsinga um áætlaðar framkvæmdir í ræktun skjólbelta næsta ár og gerir, að þeim fengnum, tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

3. gr. Eftirgreindir aðilar geta notið styrks samkvæmt 1. gr.:

a. Ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla.

b. Félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, er tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 hektarar að flatarmáli.

4. gr. Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a. Að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum.

b. Að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra.

c. Að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.

d. Að landssvæði það sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt.

e. Að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr. Girðingarstyrk skal aðeins miða við girðingu utan um samfellt ræktunarland. Vilji eigandi eða vörzlumaður nota landið til beitar, er honum skylt að girða reinarnar, svo að öruggt sé, að skjólbeltin bíði ekki tjón af beitinni.

Verði tjón á skjólbeltum vegna búfjárbeitar, er veittur styrkur afturkræfur að nokkru eða öllu leyti.

6. gr. Styrkur samkv. 1. gr. má nema allt að 1/3 af girðingarkostnaði og 1/2 af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

o Skógarverðir eða héraðsráðunautar gera úttekt á skjólbeltaframkvæmdum.

7. gr. Skylt er eiganda skjólbeltis eða vörzlumanni að fara eftir fyrirmælum skógarvarðar um friðun og hirðingu þess. Lendi skjólbelti í vanhírðu, er heimilt að endurheimta styrk þann, sem veittur var.

o Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er heimilt að veita eiganda eða vörzlumanni þess verðlaun, er samsvari allt að fjárhæð 2ja ára hirðingarkostnaði, ef ræktun skjólbeltis hefur tekizt vel.

8. gr. Verði eigenda- eða ábúendaskipti á landssvæði eða jörð, þar sem skjólbeltarækt hefur verið styrkt samkvæmt lögum þessum, ber sá, er við tekur, ábyrgð á því, að skjólbelti sé friðað og hirt. Vanræki hann það, er heimilt að heimta úr hendi hans þann styrk, sem veittur hefur verið.

9. gr. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Lög nr. 17 24. apríl 1965. Lög um landgræðslu.

I. kafli. Markmið og stjórn.

1. gr. Tilgangur þessara laga er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs.
2. Að græða upp eydd og vangróin lönd.

2. gr. [Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í eftirtalda þætti:

1. Sandgræðslu, sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafli lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.] 1)

1) L. 54/1975, 1. gr.

3. gr. [Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

o Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

o Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum. Heimilt er að fela einstökum fulltrúum meðferð ákveðinna þátta starfsins, svo sem gróðurvernd, gróðureftirlit eða sandgræðslu, undir yfirstjórn landgræðslustjóra.] 1)

1) L. 54/1975, 2. gr.

4. gr. Landgræðslustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

[II. kafli. Landgræðsla.] 1)

1) L. 54/1975, 3. gr.

5. gr. [Landgræðsla ríkisins skal kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu, hvort sem er af völdum uppblásturs, sandfoks eða vatnsrofs. Hún annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Landgræðslustjóri skal kanna eða láta kanna staðhætti, þar sem hætta stafar af jarðvegs- og sandfoki. Þau verkefni skulu ganga fyrir, sem forða eiga verðmætum gróðurlendum frá yfirvofandi hættu.

o Landgræðslan hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

o Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk áður en hafið er.] 1)

1) L. 54/1975, 4. gr.

6. gr. Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. Skógrækt ríkisins skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.

7. gr. Landgræðsla ríkisins skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu, á eftirfarandi hátt:

1. Með samningi til svo langs tíma, sem landgræðslustjóra þykir þurfa. Eigendur eða leigutakar skulu hafa forgangsrétt að landsnyttjum gegn hæfilegu gjaldi, þegar uppgræðsla er svo vel á veg komin, að nytja megir landið að dómi landgræðslustjóra.

2. Með eignarnámi, ef umráðaréttur fæst ekki á annan hátt, sbr. lög um eignarnám, nr. 61 frá 14. nóv. 1917. 1) Eignarnám skal þó eigi framkvæma, nema rannsókn samkvæmt 40. gr. sýni, að þess sé þörf, og að fengnu álitni stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

o Áður en aflað er umráðaréttar yfir landi samkvæmt þessari grein, skal landgræðslustjóri senda landbúnaðarráðuneytinu rökstuddar tillögur um málið. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um framkvæmdina.

1) Nú l. 11/1973.

8. gr. [Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega nema allt að 2/3 kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að vera greidd samkvæmt jarðræktarlögum.

o Landsvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

o Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið.

o Landgræðslan skal setja reglur, sem staðfestar eru af landbúnaðarráðherra, um það, með hvaða kjörum og skilyrðum aðstoð er veitt til áburðardreifingar og annarra uppgræðsluaðgerða. Auglýsa skal þessar reglur hverju sinni.] 1)

1) L. 54/1975, 5. gr.

9. gr. Í nágrenni landgræðslusvæða er heimilt að taka efni til afnota við landgræðsluna svo sem vatn, jarðefni, þara og fræ. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til: Landeigandi á rétt til bóta eftir mati, ef samningar takast ekki.

10. gr. Nú er sett girðing fast við landgræðslugirðingu eða áfast henni, og skulu þá vera hlið á henni eigi fjær en 50 metra frá landgræðslugirðingunni, svo að vinna megi tálmunarlaust að henni.

11. gr. [Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

o Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

o Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

o Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.] 1)

1) L. 54/1975, 6. gr.

12. gr. Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

13. gr. Land, sem Landgræðsla ríkisins hefur eignazt skv. 2. tölulið 7. gr. þessara laga, má selja með samþykki landbúnaðarráðherra, þegar það hefur verið endurgrætt. Eigandi þeirrar jarðar, sem landið áður fylgdi, skal hafa forkaupsrétt og leigutaki að eiganda frágengnum. Noti hvorugur rétt sinn, skal fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948 1) við söluna. Hafi sveitarfélag eða bæjarfélag átt landið áður, er þeim skylt að taka við landinu, ef landgræðslustjóri krefst þess. Hann setur reglur um

meðferð landsins og er kaupendum og síðari eigendum skylt að hlíta þeim. Skal þinglýsa reglum sem kvöð á jörðinni.

1) Sjá nú l. 65/1976.

14. gr. Hefjist uppblástur eða landskemmdir að nýju á landi, sem afhent hefur verið eða selt samkvæmt 12. og 13. gr., er landeiganda skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema uppblásturinn og skemmdirnar séu ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

o Vanræki landeigandi nauðsynlegar aðgerðir eftir aðvörun landgræðslustjóra, má landgræðslan láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, sbr. 7. gr.

15. gr. Þegar land í eigu Landgræðslu ríkisins er að dómi landgræðslustjóra svo gróið, að nytja megir, skal gefa bændum kost á að nytja það, enda sé þess ekki þörf undir ríkisbú. Skal landgræðslustjóri annaðhvort leita tilboða um afnotaréttinn eða leigja hann samkvæmt mati. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

16. gr. Komist búfé inn á landgræðslusvæði, sem halda skal friðuðu og girt er ógallaðri girðingu, skal landgræðslustjóri eða eftirlitsmaður hans láta merkja það fé og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fjárins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið, og göllum á girðingu verði eigi um kennt, getur landgræðslustjóri krafizt þess, að hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum í verð. Landgræðslan greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. Eigi hreppstjóri eða vandamenn hans hlut að máli, kveður sýslumaður óvilhallan mann í hans stað, er gegni skyldum hreppstjóra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli. Gróðurvernd.

17. gr. Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landsþjóllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

18. gr. Landgræðsla ríkisins skal hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð.

o Hún skal einnig fylgjast með því, að landsþjóll séu eigi unnin að óþörfu, og segja fyrir um, hvernig þau skuli bæta.

o Þar sem hætta er á gróðurrýrnun eða eyðingu, ber að leiðbeina búendum um meðferð lands og gróðurs.

o Spilli náttúruhamfarir grónu landi, skal landgræðslan gera ráðstafanir til endurgræðslu, ef þess er kostur.

o Þar, sem gróðurverndar er þörf, skal að henni unnið svo sem segir í þessum kafla og samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

19. gr. [Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kys sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi héraðssjóði eða bæjarsjóði að 1/3 hluta.] 1)

1) L. 108/1988, 28. gr.

20. gr. [Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beutilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

o Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og

landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.] 1)

1) L. 54/1975, 8. gr.

21. gr. [Berist gróðurverndarnefnd rökstudd ábending um, að gróðurverndar sé þörf á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu og senda landgræðslustjóra greinargerð um málið.

o Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu og/eða ranga notkun landsins sé að ræða, gerir hann tillögur um, hvernig úr skuli bæta, og leitar samkomulags við landeigendur um framkvæmd úrbóta (sbr. heimildir í 16. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil). 1)

o Hafi gróðurverndaraðgerðir verulegan kostnað í för með sér, má veita til þeirra styrk samkvæmt 8. gr. laga þessara.

o Þar sem um afréttarlönd er að ræða eða fleiri eigendur eru að landinu, má binda stuðning Landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdirnar. Reglur um stuðning þennan skal setja og birta á sama hátt og kveðið er á um í síðustu mgr. 8. gr.] 2)

1) L. 6/1986.

2) L. 54/1975, 9. gr.

22. gr. Náist ekki samkomulag um aðgerðir milli landgræðslustjóra og landeiganda, getur landgræðslustjóri látið fram fara rannsókn á jörð eða landsvæðum samkvæmt 40. gr.

o Leiði rannsókn í ljós, að brýn þörf sé gróðurverndar, getur landgræðslustjóri krafizt nauðsynlegra aðgerða af landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu, getur landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytisins. Styrkja má þessar framkvæmdir með allt að 1/3 hluta kostnaðar.

23. gr. Telji landgræðslustjóri að gróðurverndar sé þörf sakir þess að heimalönd eða afréttir hafi eigi nægilegt beitarþol fyrir þann búpening, sem á þeim gengur, skal hann leita samkomulags við landeigendur til úrbóta.

o Náist ekki samkomulag, skal hann láta rannsaka beitarþol viðkomandi landa samkv. 40. gr.

o Leiði rannsóknin í ljós, að löndunum sé ofboðið, er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í þau.

o Ítala skal gerð af ítölunefnd, er skipuð sé af þeim aðilum, sem um getur í 5. gr. laga um ítölu, nr. 39 23. maí 1959, 1) og gilda þá um störf hennar ákvæði nefndra laga.

o [Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda.] 2)

1) Nú 1. 6/1986, 21. gr.

2) L. 42/1982, 2. gr.

24. gr. Verði búandi að skerða bústofn sinn verulega vegna ítölu, skulu gróðurverndarnefnd og landgræðslan vera honum til ráðuneytis, hverra úrræða sé helzt að leita til að koma í veg fyrir tekjumissi.

25. gr. Héraðsráðunautum búnaðarsambandanna er skylt að fylgjast með því, svo sem ástæður leyfa, hvort gróðri hnignar mjög í heimalöndum og afréttum sökum ofbeitar eða hvort land fer í örtröð, og skýra landgræðslustjóra frá því.

IV. kafli. Félög til landgræðslu.

26. gr. Heimilt er bændum, sveitarfélögum eða sýslufélögum 1) að stofna félög til landgræðslu.

1) Sjá nú um héraðsnefndir í l. 8/1986, 6. gr.

27. gr. Landgræðslustjóri skal semja drög að samþykktum félaga þeirra, sem um getur í 26. gr.

28. gr. Vilji þeir, sem um getur í 26. gr., stofna slíkt félag, leita þeir álits og tillagna landgræðslustjóra. Að því fengnu, geta þeir boðað til undirbúningsfundar á fyrirhuguðu félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni.

o Kveðja skal til fundar eigendur allra jarða, sem ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Eigi félag land, skal boða formann félagsstjórnar. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, skal boða leigutaka. Kveðja skal og landgræðslustjóra eða fulltrúa hans til fundarins.

o Fund skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag - og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

29. gr. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 28. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

o Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli eða afréttarland, sem metið er til verðs í fasteignamati skal koma eitt atkvæði. Þó að sami maður eigi fleiri en eina jörð, hefur hann eitt atkvæði. Ef eigendur lögbýlis eru fleiri en einn, skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leigutaki verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, er hann fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 31. gr.

o Komi til fundar 1/3 þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 28. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr. þessarar greinar, má stofna félag, ef 2/3 fundarmanna samþykkja.

o Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, sem búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 32. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits landgræðslustjóra. Hún skal og afla þeirra gagna, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

30. gr. Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkv. 28. gr.

o Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, sem hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna samþykkir félagsstofnun, er öllum landeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

31. gr. Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leigutaki skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leigutaki æskir þess og landeigandi mótmælir eigi. Sæki landeigandi eigi fund og nefni eigi til umboðsmann, skal leigutaki fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leigutaka á fund.

32. gr. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

o Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Reikninga félags og endurskoðun.
- e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.
- f. Ákvæði um félagsslit.

33. gr. Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar ásamt umsögn landgræðslustjóra. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að hana megi staðfesta, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, eða þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Samþykkt má aldrei brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

34. gr. Þegar félag hefur verið stofnað samkv. 26. og 30. eða 31. gr., getur sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst, skal eigi tekin til greina. Hafi vefenging borizt ráðherra innan lögmæts tíma, en hann eigi tekið hana til greina, má skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

35. gr. Aðalfund skal halda árlega og aukafundi þegar félagsstjórn telur ástæðu til eða 1/4 félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Láti félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, mega þeir, sem fund vilja halda, boða hann.

o Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

o Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

o Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

o Verði breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Þess skal getið í fundarboði, ef ráðgert er að breyta samþykkt. Breytingar á samþykkt skulu staðfestar af ráðherra eins og um getur í 33. gr.

36. gr. Þegar eigendaskipti verða eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, skal hinn nýi eigandi eða ábúandi gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leigutaki er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi leigutaki gerist félagi á sama hátt og um getur í 31. gr.

37. gr. Kostnaði af starfsemi félags við aðgerðir á sameignarlandi skal jafna niður á notendur í hlutfalli við landverð jarða skv. fasteignamati að frádregnum hlunnindum.

o Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

o Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim lögveð í jörð í eitt ár frá eindaga, og stendur það frammar öllu samningsbundnu veði.

38. gr. Land það, sem félag tekur til meðferðar samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti landgræðslunnar, og ber henni skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrirmælum landgræðslustjóra, að því er varðar meðferð landsins, meðan á framkvæmdum stendur.

o Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og landgræðslugirðingar, sbr. 10. og 11. gr.

39. gr. Stjórn félags skal í lok hvers árs semja skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar um girðingar og græðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.

2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands á árinu.

o Skýrslu þessa skal félagsstjórn senda Landgræðslu ríkisins.

V. kafli. Rannsóknir og fleira.

40. gr. [Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarþoli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

o Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.] 1)

1) L. 54/1975, 10. gr.

41. gr. Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna, sem nothæfar reynast til landgræðslu.

42. gr. ... 1)

1) L. 54/1975, 11. gr.

VI. kafli. Önnur ákvæði.

43. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs ... 1) nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

1) L. 10/1983, 40. gr. &2061849

Lög nr.117/1985. Lög um geislavarnir.

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

1. gr. Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkrar geislunar.

o Með jónandi geislun er átt við geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða aðra geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

o Með geislatækjum er átt við tæki sem innihalda geislavirkt efni eða framleiða jónandi geislun.

2. gr. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m.a. með nauðsynlegu eftirliti með innflutningi og allri meðferð geislavirkra efna og geislatækja, svo og með athugunum og rannsóknum á sviði geislavarna. Enn fremur með alhliða fræðslu og upplýsingum um geislavarnir.

3. gr. Lög þessi gilda um öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.

II. kafli. Geislavarnir ríkisins.

4. gr. Ríkið rekur stofnun er nefnist Geislavarnir ríkisins sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

o Ráðherra skipar stofnuninni stjórn sem í eiga sæti þrír menn með sérþekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar. Ráðherra skipar formann. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

5. gr. Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Skal hann hafa viðurkennt háskólapróf á sviði eðlisfræði og sérmenntun og starfsreynslu á sviði geislavarna sem heilbrigðisyfirvöld meta gilda.

6. gr. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar. Hann undirbýr fundi stjórnarinnar og situr þá með tillögurétti og málfrelsi. Forstöðumaður ræður starfsfólk að höfðu samráði við stjórn stofnunarinnar.

7. gr. Auk þess, sem tiltekið er í lögum þessum, skulu Geislavarnir ríkisins annast:

1. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við jónandi geisla, svo og upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla.

2. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks er vinnur við jónandi geisla.

3. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.

4. Rannsóknir á sviði geislavarna.

5. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.

6. Önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

8. gr. Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum er þessi lög fjalla um

9. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo og um starfsemi Geislavarna ríkisins og eftirlit á þess vegum.

III. kafli. Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar.

10. gr. Enginn má framleiða eða flytja inn, eiga eða selja, hafa undir höndum eða afhenda öðrum geislavirk efni, hvort sem þau eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né tæki sem geta framleitt jónandi geisla, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12.gr.

11. gr. Heilbrigðismálaráðherra veitir leyfi samkvæmt 10.gr. Ráðherra er heinilt með reglugerð að fela Geislavörnum ríkisins útgáfu slíkra leyfa. Umsóknir um leyfi þessi skulu ritaðar á sérstök eyðublöð er Geislavarnir ríkisins láta gera.

12. gr. Eigi þarf leyfi samkvæmt 11.gr. vegna:

1. Sjálflysandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið magn geislavirkra efna, eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

2. Ratsjáa, sjónvarpstækja, rafeindasmásjáa og annarra slíkra tækja, eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins, enda séu þau ekki til þess ætluð að framleiða jónandi geisla.

13. gr. Geislatæki og geislavirk efni, sem notuð eru til sjúkdómsgreininga eða til meðferðar, skulu vera í eigu viðurkenndra heilbrigðis-, rannsókn- og menntastofnana eða lækna, tannlækna og dýralækna, eftir því sem við á hverju sinni.

IV. kafli. Uppsetning og breytingar á geislatækjum.

14. gr. Þegar setja skal upp geislatæki eða breyta slíkum tækjum skal senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en fengið er samþykki þeirra.

V. kafli. Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

15. gr. Geislavarnir ríkisins skulu annast reglubundið eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum sem leyfi þarf fyrir samkvæmt 11.gr. Í því skyni skal starfsmönnum Geislavarna ríkisins heimill frjáls aðgangur að sérhverjum þeim stað þar sem þessi tæki og efni eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

16. gr. Geislavarnir ríkisins skulu fyrirskipa eigendum geislatækja og geislavirkra efna að framkvæma þær lagfæringar sem taldar eru nauðsynlegar. Ef lagfæringar eru eigi framkvæmdar innan tiltekins frests er heimilt að banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram.

17. gr. Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram.

18. gr. Skráður eigandi tækis eða efnis, sem eftirlitsskylt er samkvæmt lögum þessum, skal greiða sérstakt gjald vegna eftirlitsins. Gjaldinu skal varið til þess að standa undir kostnaði við eftirlitsstarfsemi Geislavarna ríkisins.

o Heilbrigðismálaráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins og annarrar þjónustu, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Um innheimtu skal kveða á í reglugerð. Eftirlitsgjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í hinu eftirlitsskylda tæki í 2 ár eftir gjalddaga.

VI. kafli. Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

19. gr. Óheimilt er að hefja eða breyta starfsemi, þar sem notuð eru geislavirk efni eða geislatæki, án leyfis Geislavarna ríkisins.

20. gr. Geislavirk efni og geislatæki eru starfrækt á ábyrgð eiganda. Við sjúkdómsgreiningu eða meðferð skulu þau starfrækt undir handleiðslu og faglegri ábyrgð læknis, dýralæknis eða tannlæknis, eftir því sem við á .

21. gr. Við hönnun og byggingu húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir starfsemi, þar sem nota á geislavirk efni eða geislatæki, skal leitað álits Geislavarna ríkisins á því hvort fyrirhugað húsnæði, aðstaða og búnaður uppfylli kröfur sem gerðar eru um geislavarnir.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

22. gr. Heilbrigðismálaráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins, að það, sem segir lögum þessum um jónandi geislun, skuli einnig gilda að fullu eða að hluta um ekki-jónandi geislun.

o Með ekki-jónandi geislun er átt við útfjólubláa geislun, laser-geislun, örbylgjugeislun eða aðra geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

23. gr. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsað með sektum eða varðhaldi séu sakir miklar. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 95 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, með síðari breytingum, svo og ósamrýmanleg ákvæði 1., 3., 9., 17. og 19.gr. laga nr. 109 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Lög nr. 52 18.maí 1988. Lög um eiturefni og hættuleg efni.

I. kafli. Upphafsaðkvæði.

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr. Eiturefni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni, sbr. 2.gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar.

o Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir hættuleg efni, sbr. 2.gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar.

o Nota ber eiturefni og hættuleg efni með gát og varúð og þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

Eiturefnanefnd.

2. gr. [Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanefnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog), annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae), þriðji skal vera efnafræðingur, fjórði skal vera efnaverkfræðingur, fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu og sjötti skal vera sérfróður um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra, tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns] 1)

1) Lög nr. 103/1988, 1.gr.

o Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur eiturefnanefndar með reglugerð.

o Eiturefnanefnd skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. Nefndin skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.

o Eiturefnanefnd er heimilt að leita aðstoðar ráðunauta við lausn sérhæfðra verkefna svo sem vegna mats á notagildi efna og efnasamsetninga, sbr. 2.mgr.

o Kostnaður við störf eiturefnanefndar greiðist úr ríkissjóði.

o Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

3. gr. Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980,

2. lyfjalaga, nr. 108 14. nóvember 1984 (lyf og dýralyf).

II: kafli. Ákvæði varðandi eiturefni.

Framleiðsla eiturefna.

4. gr. Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

o Blöndun og þynning eiturefna og þökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla nema öðruvísi sé ákveðið, sbr. 2.mgr. 5.gr.

Viðtaka eiturefna.

5. gr. Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku eiturefnum og kaupa eiturefni:

1. Framleiðendur eiturefna, sbr. 4.gr.

2. Forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja er tilkynnt hafa Vinnueftirliti ríkisins að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna, enda hafi þeir eða tilteknir starfsmenn þeirra leyfi til að nota eiturefni.

3. Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir.

4. Verslanir er fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja tiltekin eiturefni önnur en talin eru í næsta tölulið.

5. Verslanir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

6. Sjúkrahús og viðurkenndar rannsóknastofur.

7. Kennarar í raungreinum við framhaldsskóla vegna nota við kennslu.

8. Einstaklingar 18 ára eða eldri er framvísa réttum aðilum sérstökum eiturbeiðnum, sbr. ákvæði 6.gr., eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7.gr.

o Fyrirtækjum, sem greind eru í 4. og 5. tölul. að framan og versla með eiturefni, er þó heimilt að fengnu samþykki Vinnueftirlits ríkisins að vega þau sundur, blanda eða þykkja og umpakka eða umhella í ný söluhæf ílát.

Sala og innflutningur eiturefna.

6. gr. Þeir einir mega selja og flytja inn eiturefni er greinir í 1.-5. tölul. 1.mgr. 5.gr. Um fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2.tölul. 1.mgr. 5.gr., gildir þó að þau mega einungis selja eiturefni svo fremi að þau séu hluti af venjulegri framleiðslu þeirra.

o Þau fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2.tölul. 1.mgr. 5.gr., mega selja önnur eiturefni en þau sem fyrirtækin framleiða ef þau hafa fengið til þess leyfi, sbr. 4. eða 5.tölul. 1.mgr. 5.gr.

o Setja skal í reglugerð ákvæði um veitingu leyfa handa verslunum þeim er ræðir í 4. og 5. tölul. 1.mgr. 5.gr.

Kaup einstaklinga á eiturefnum.

7. gr. Einstaklingar, sbr. 8.tölul. 1.mgr. 5.gr., mega kaupa eiturefni til eigin nota ef þeir framvísa seljendum eiturefna, sbr. 6.gr., sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á tilteknum eiturefnum.

o Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga gefa út eiturbeiðnir að fenginni umsögn eiturefnaneftndar. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í hálf tveim árum frá útgáfudegi.

o Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín eða í þágu þeirra fyrirtækja er þeir starfa við, sbr. 2.tölul. 1.mgr. 5.gr. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum er gilda til eins til þriggja ára í senn.

o Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnaneftndar reglugerð um útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarenda leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveislu, um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til sóttthreinsunar og til varnar fúa.

Útlát eiturefna.

8. gr. Eiturefni má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímugjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv.

o Heimilt er að selja á frjálsum markaði tiltekin varning er inniheldur eiturefni. Fellur þá niður kvöð um útgáfu eiturbeiðna eða hliðstæðra leyfa, sbr. 7.gr., enda skal þá jafnframt gæta þeirra fyrirmæla um sölu og afhendinu varningsins er sett verða í reglugerð.

9. gr. Eiturefni skal láta úti í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur óskaðleg efni. Á ílátunum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni skulu vera eiturmerki svo og nauðsynleg varnaðarorð. Skulu eiturmerki þessi vera hliðstæð eiturmerkjum er tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er, sbr. 21.gr.

o Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en eiturefni, sbr. 1.mgr. 1.gr., nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerðum sem settar eru með stoð í þessum lögum.

Varðveisla eiturefna.

10. gr. Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. og 6.gr., skulu hlíta ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi varðveislu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eftir því sem við á. Um Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir gilda enn fremur ákvæði laga um lyfjadreifingu.

o Í verslunum, er leyfi hafa til þess að selja tiltekin eiturefni eða eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, skal hlíta fyrirmælum að þessu lútandi er sett verða í reglugerð.

o Á sjúkrahúsum og viðurkenndum rannsóknastofum skal varðveita eiturefni í umbúðum seljenda eða í öðrum umbúðum jafntryggjum. Ef lyfjabúr er á sjúkrahúsi skal forstöðumaður þess hafa eftirlit með varðveislu eiturefna í umsjá Lyfjaeftirlits ríkisins. Einstaklingar og kennarar skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðenda (seljenda).

o Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. kafli. Ákvæði varðandi hættuleg efni.

Útlát hættulegra efna.

11. gr. Hættuleg efni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku, sbr. 20.gr., og skulu þau vera í samræmi við hliðstæð varnaðarorð sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.

o Takmarka má að fengnum tillögum eiturefnanefndar sölu og útlát tiltekinna hættulegra efna við lyfjabúðir, lyfjaheildsölur eða aðra sölustaði ef sérstakar aðstæður gilda um notkun efnanna.

o Eiturefnanefnd getur sett reglur um stærð sölufláta eða magn tiltekinna hættulegra efna sem selja má í smásölu í matvöruverslunum eða öðrum almennum verslunum.

Varðveisla hættulegra efna.

12. gr. Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum. Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig að þau séu skilin frá matvælum, neysluvörum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

o Hollustuvernd ríkisins setur að höfðu samráði við eiturefnanefnd og að fengnu álitni samtaka hlutaðeigandi seljenda reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum.

Sams konar reglur má og setja um varðveislu hættulegra efna í öðrum almennum verslunum.

Lífræn leysiefni.

13. gr. Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og talin eru á lista, sbr. 2.mgr. 1.gr. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans er sett verða í reglugerð, sbr. 18.gr.

Hættulegar lofttegundir.

14. gr. Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að setja nánari ákvæði um sölu og notkun hættulegra lofttegunda er hafa ekki lækningalegt gildi. Sama á við um sölu og notkun lofttegunda er hafa lækningalegt gildi ef þær eru ætlaðar til annars en lækninga.

Hættuleg efni ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til þess að varna fúa eða til sóttthreinsunar.

15. gr. Hlíta skal um sölu hættulegra efna, sem skráð eru til þessara nota, útlát þeirra og notkun, fyrirmælum er sett verða í reglugerð, sbr. 16. gr.

IV. KAFLI. Sameiginleg ákvæði.

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

16. gr. Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, fúavarnarefni, sóttthreinsiefni, að þau hafi verið skráð sem slík, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products“) ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind atriði í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar. Skal þar m.a. kveða nánar á um skráningu efnanna, notkun þeirra og bann við notkun þeirra.

Ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur, fóðurvörur og sáðvörur.

17. gr. Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli og aðrar neysluvörur eða fóðurvörur nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja á sáðvöru nema efnið eða efnasamsetningin hafi verið skráð til slíkrar notkunar, sbr. 16. gr. Ef sáðkorn hefur verið meðhöndlað með slíkum efnum skal það auðkennt með litun.

o Nú er talin hætta á að matvæli, aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig að mönnum og dýrum geta orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturfna og hættulegra efna.

18. gr. Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturfnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturfna og hættulegra efna hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

o Heimilt er enn fremur að binda sölu og notkun varnings, er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma, mati á eiturhrifum og notagildi varningsins, sbr. 13.gr.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun krabbameinsvaldandi efna og efnasamsetninga.

19. gr. Eiturfnanefnd skal fylgjast með öllum nýjungum er lúta að rannsóknum á eiturfnum og hættulegum efnum sem ætlað er að gætu valdið krabbameini eða öðrum illkynja breytingum í frumum manna eða dýra. Skal nefndin að jafnaði gera tillögur um bann við notkun slíkra efna og efnasamsetninga, en að öðrum kosti gera tillögur að reglum um notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir mengun fæðu og fódurs eða umhverfis af völdum þeirra.

o Eiturfnanefnd gerir tillögur að sérstökum lista yfir efni sem talin eru geta valdið krabbameini eða öðrum illkynja frumubreytingum í mönnum og að fyrirmælum um notkun og bann við notkun efnanna er ráðherra staðfestir og gefur út.

o Óheimilt er að flytja til landsins eða selja eiturfni eða hættuleg efni sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða varning sem hefur slík efni að geyma, nema samkvæmt heimild í þessum lögum.

Nánari fyrirmæli um ílát o.fl.

20. gr. Eiturfnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um gerð íláta og umbúða, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi flutning, varðveislu, útlát og sölu eiturfna og hættulegra efna. Skulu merkingar þessar, merki og varnaðarorð vera í samræmi við hliðstæðar merkingar, merki og varnaðarorð er tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli þessu að lútandi.

o Ef óhjákvæmilegt er að leyfa notkun efna eða efnasamsetninga sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða liggja undir grun um að vera það skal taka sérstakt tillit til þess við gerð varnaðarorða eða varnaðarmerkja og gerð íláta, svo sem kostur er.

Flutningur.

21. gr. Eiturfnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um búnað og merkingar farartækja á landi, sem flytja eiturfni og hættuleg efni, til viðkomandi ráðuneyta.

o Um flutning eiturfna og hættulegra efna með skipum, loftförum, svo og í pósti, fer samkvæmt lögum þeim og reglugerðum er við eiga og í gildi eru hverju sinni.

Förgun eiturfna og hættulegra efna. Notuð ílát.

22. gr. Eiturfnum og hættulegum efnum, tónum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, ílát og umbúðir, luktur og merktar á viðeigandi hátt.

o Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturfnanefndar, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs reglugerð um förgun eiturfna og hættulegra efna.

Framkvæmd og eftirlit.

23. gr. Yfistjórn mála, er varða eiturfni og hættuleg efni, er í höndum heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra.

- o Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar-háttað, sbr. 2.gr. og næstu málsgrein.
- o Eftirlit með framkvæmd laga þessara annast eftirtaldir aðilar:
 - a. Hollustuvernd ríkisins.
 - b. Vinnueftirlit ríkisins.
 - c. Lyfjaeftirlit ríkisins.
 - d. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
 - e. Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.,
 - f. Aðrir er tilnefndir kunna að verða.
- o Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila fer samkvæmt þeim lögum sem þeir starfa eftir.
- o Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði, nema önnur lög mæli öðruvísi.
- o Fulltrúar framangreindra stofnana, eiturefnanefndar og embættismanna, svo og aðrir er tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verslanir, verksmiðjur og vinnustaði þar sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur varningur sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni að mönnum og dýrum getur stafað hætta af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishornsins getur krafist kvittunar úr hendi þess er sýnishorn tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðar gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.
- o Aðilar þeir, er um ræðir í 3.mgr., geta krafist þess að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilteknum varningi svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi getur krafist þess að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur og röðun á lista til bráðabirgða.

24. gr. Ráðherra getur að fenginni umsögn eiturefnanefndar heimilað að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi að fullnægt sé skilyrðum sem sett kunna að verða hverju sinni eða greind eru í reglugerðum sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum.

o Eiturefnanefnd er heimilt í samráði við Hollustuvernd ríkisins, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár. Skal ráðherra staðfesta ákvörðun þessa með reglugerð innan árs. Að öðrum kosti fellur ákvörðun eiturefnanefndar úr gildi.

Refsingar.

25. gr. Um mál er kunna að rísa út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

26. gr. Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

o Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innan lands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. kafli. Önnur ákvæði.

Samstarfsnefnd.

27. gr. Ráðherra skipar samstarfsnefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru í staflíðum a-c í 3.mgr. 23.gr., auk fulltrúa eiturefnanefndar. Aðilar tilnefna hver einn fulltrúa í nefndina. Ráðherra skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar. Er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

o Verkefni nefndarinnar er að fjalla um verkaskiptingu milli eftirlitsaðila í takmarkatilfellum og samræmingu aðgerða. Formaður kallar saman fund í nefndinni þegar tilefni er til. Fulltrúar geta krafist að fundir verði haldnir í nefndinni ef tilefni er til að þeirra dómi.

o Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsemi nefndarinnar.

Ráðgjöf eiturefnanefndar.

28. gr. Eiturefnanefnd skal eftir nánara samkomulagi veita lyfjanefnd eiturefnafræðilega ráðgjöf ef þörf gerist.

o Ráðherra getur enn fremur vegna sérfræðipækkingar nefndarmanna falið eiturefnanefnd önnur verkefni en tilgreind eru í lögum þessum og gerir nefndin tillögur um framkvæmd þeirra mála hverju sinni.

VI. kafli. Niðurlagsákvæði.

29. gr. Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar.

Gildistaka.

30. gr. Með lögum þessum, sem taka gildi 1 júlí 1988, falla úr gildi lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 31.desember 1968, og lög um breytingar á þeim lögum nr. 27 18.apríl 1973, nr. 19 12.maí 1981 og nr. 96 17.maí 1984.

o Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram uns þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 17.gr. skulu haldast uns sett hafa verið í lög fyllri ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvæli og mengun matvæla af völdum slíkra efna.

o Gildandi skipun manna í eiturefnanefnd samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/1968 skal haldast til ársloka 1988. Skipar ráðherra þá menn í nefndina til sex ára samkvæmt ákvæðum 2. gr. Skulu nefndarmenn í eiturefnanefnd, meðan nefndin starfar samkvæmt þessu ákvæði, taka sérstakt tillit til undirbúnings framkvæmdar þeirra nýmæla sem eru í þessum lögum og ekki voru í lögum nr. 85/1968, með áorðnum breytingum, svo að tryggja megi sem best samfellu í störfum nefndarinnar um ókomin ár.

